

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2393

2022/EES/76/04

frá 13. desember 2017

um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1305/2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun, (ESB) nr. 1306/2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, (ESB) nr. 1307/2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og (ESB) nr. 652/2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 42. gr., 43. gr. (2. mgr.) og 168. gr. (b-liður 4. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Endurskoðunarráttarins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja réttaröryggi og samræmda framkvæmd stuðnings án mismununar við unga bændur er nauðsynlegt að kveða á um að í samhengi við dreifbýlisþróun sé sá „dagur er búskapur hefst“, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 ⁽⁵⁾ og í öðrum reglum sem málið varða, sá dagur þegar umsækjandi framkvæmir eða lýkur aðgerð sem tengist því að hefja búskap í fyrsta skipti, og að umsóknin um stuðning skuli lögð fram í síðasta lagi 24 mánuðum eftir þann dag. Enn fremur hefur reynsla af samningaviðræðum um áætlanirnar sýnt að skýra ætti nánar reglurnar um sameiginlegt upphaf búskapar ungra bænda og viðmiðunarmörk um aðgang að stuðningi sem krafist er skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 og að einfalda ætti ákvæðin um þann tíma sem viðskiptaáætlunin nær til.
- 2) Til að auðvelda framkvæmd ráðgjafar- og þjálfunarþjónustu stjórnunaryfirvalda aðildarríkja ætti að rýmka stöðu aðstoðarþega samkvæmt þeirri ráðstöfun þannig að hún nái yfir þessi yfirvöld og á sama tíma ætti að tryggja að stofnun sem er óháð þessum yfirvöldum velji þjónustuveitandinn og að veitandi ráðgjafar eða þjálfunar annist eftirlit.
- 3) Með það fyrir augum að hvetja til þátttöku í gæðakerfum ættu bændur eða hópar bænda, sem taka þátt í slíkum kerfum á næstliðnum fimm árum fyrir umsókn um stuðning, að vera stuðningshæfir í mest fimm ár um leið og tekið er tilhlýðilegt tillit til lengdar upphaflegrar þátttöku í kerfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB C 91, 23.3.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjórnartíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 63.

⁽³⁾ Stjórnartíð. ESB C 306, 15.9.2017, bls. 64.

⁽⁴⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 12. desember 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 12. desember 2017.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjórnartíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

- 4) Til að fjármögnunarleiðir séu nægjanlega freistandi fyrir einkageirann er nauðsynlegt að þær séu hannaðar og komið í framkvæmd á sveigjanlegan og gagnsæjan hátt. Hins vegar hefur reynslan sýnt að tiltekna ráðstafanatengdar reglur um aðstoðarhæfi takmarka upptöku fjármögnunarleiða í dreifbýlisþróunaráætlanirnar sem og sveigjanlega notkun sjóðsstjóra á fjármögnunarleiðum. Því þykir rétt að kveða á um að tiltekna ráðstafanatengdar reglur um aðstoðarhæfi eigi ekki við um fjármögnunarleiðir. Af sömu ástæðu þykir einnig rétt að kveða á um að einnig megi veita ungum bændum upphafsástoð skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 í formi fjármögnunarleiða. Í ljósi þessara breytinga ætti að kveða á um að þegar stuðningur við fjárfestingar skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 er veittur í formi fjármögnunarleiða verði fjárfestingin að vera framlag til eins eða fleiri forgangsverkefna Sambandsins á sviði dreifbýlisþróunar.
- 5) Til að draga úr stjórnsýsluálagi í tengslum við framkvæmd meginreglunnar um enga tvíþjármögnun í tengslum við grænkun ættu aðildarríki að eiga þess kost að nota fastan meðalfrádrátt sem gildir gagnvart öllum hlutaðeigandi aðstoðarþegum sem stunda viðkomandi tegund starfsemi eða framkvæma viðkomandi undirráðstöfun.
- 6) Nú til dags steðjar aukin efnahagsleg áhætta að bændum sem afleiðing markaðsþróunar. Þessi efnahagslega áhætta hefur þó ekki jöfn áhrif á alla geira landbúnaðar. Af þessum sökum ættu aðildarríki, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að hafa þann möguleika að aðstoða bændur með geirabundnum tekjustöðugleikaúrræðum, einkum innan geira sem hafa orðið fyrir mikilli tekjulækkun sem myndi hafa umtalsverð efnahagsleg áhrif á tilteknu dreifbýlissvæði, að því tilskildu að tekjulækkunin fari yfir viðmiðunarmörk sem nema a.m.k. 20%. Til að tryggja að geirabundna tekjustöðugleikaúrræði sé skilvirkt og aðlagð að sértækum aðstæðum í hverju aðildarríki ætti þeim að vera mögulegt að skilgreina, á sveigjanlegan hátt innan dreifbýlisþróunaráætla sinna, þær tekjur sem skal taka með í reikninginn til að virkja fyrirkomulagið. Á sama tíma og til að hvetja til notkunar bænda á tryggingum ætti að lækka viðmiðunarmörkin vegna minnkunar á framleiðslu, sem gilda í tengslum við tryggingar, í 20%. Til að vakta útgjöld sem stofnað er til innan geirabundna tekjustöðugleikaúrræðisins og í tengslum við tryggingar ætti að auki að aðlaga innihald fjárhagsáætlunarinnar fyrir áætlunina.
- 7) Sértæka skýrslugjafarkrafan vegna áhættustjórnunarráðstöfunarinnar fyrir árið 2018, sem um getur í 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, fellur nú þegar undir skýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins um eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (CAP) og mat á henni sem um getur í 5. mgr. 110. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013⁽¹⁾. Því ætti að fella brott aðra undirgrein 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
- 8) Að því er varðar gagnkvæma tryggingasjóði fyrir bændur í öllum geirum virðist sem svo að bann við öllum framlögum úr opinberun sjóðum til stofnfjár, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, hindri skilvirka starfsemi þessara sjóða. Því ætti að fella þetta bann brott. Einnig þykir rétt að stækka þau svæði sem fjárframlög til gagnkvæmra tryggingasjóða geta náð til þannig að framlög geti aukið við árlegar greiðslur í sjóðina ásamt því að tengjast upphaflegu stofnfé þeirra.
- 9) Stuðningur við fjárfestingar til að endurreisa framleiðslugetu eftir náttúruhamfarir og stóráföll skv. b-lið 1. mgr. 18. gr. og d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 er alla jafna veittur til allra stuðningshæfra umsækjenda. Því ættu aðildarríki ekki að vera skuldbundin til að skilgreina valviðmiðanir vegna enduruppbyggingaraðgerða. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þar sem ekki er mögulegt að skilgreina valviðmiðanir vegna eðlis rekstrarins ættu aðildarríki enn fremur að hafa heimild til að skilgreina aðrar valaðferðir.
- 10) Í 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 er skilgreining á hámarkshlutfalli framlaga til Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD). Til að létta þrýstinginn á fjárlögin í sumum aðildarríkjum og til að flýta fyrir mjög þörfum fjárfestingum á Kýpur ætti að framlengja hámarkshlutfall framlagsins, sem nemur 100%, sem um getur í f-lið 4. mgr. 59. gr. þeirrar reglugerðar, þar til áætluninni verður lokað. Að auki ætti í 4. mgr. 59. gr. reglugerðar

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 (Stjtd. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549).

(ESB) nr. 1305/2013 að geta um tilvísun í sértækt hlutfall framlags sem tekin var upp með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 ⁽¹⁾ fyrir nýju fjármögnunarleiðina sem um getur í c-lið 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013.

- 11) Samkvæmt 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 getur aðstoðarhæfi útgjalda, sem varða breytingar á áætlunum ef um er að ræða neyðarráðstafanir vegna náttúruhamfara, hafist frá og með þeim degi þegar náttúruhamfarirnar áttu sér stað. Rýmka ætti þennan möguleika að gera útgjöld aðstoðarhæf áður en breyting á áætlun er lögð fram þannig að hann ná yfir aðrar kringumstæður, s.s. stóráföll eða umtalsverðar og skyndilegar breytingar á félagslegum og hagrænum skilyrðum í aðildarríki eða á svæði.
- 12) Samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 eru einungis útgjöld sem stofnað er til eftir framlagningu umsóknar aðstoðarhæf að því er varðar fjárfestingar í landbúnaðargeiranum. Í tilvikum þar sem fjárfestingin tengist neyðarráðstöfunum vegna náttúruhamfara, stóráfalla eða óhagstæðra veðuratburða eða umtalsverðum og skyndilegum breytingum á félagslegum og hagrænum skilyrðum í aðildarríki eða á svæði ættu aðildarríkin þó að eiga þess kost, til að tryggja sveigjanleg og tímanleg viðbrögð sín við slíkum atburðum, að kveða á um í áætlunum sínum að útgjöld sem stofnað er til eftir atburðinn séu aðstoðarhæf. Í því skyni að veita skilvirkan stuðning við neyðarviðbrögð sem aðildarríki ráðast í til að bregðast við atburðum sem áttu sér stað á undanförunum árum ætti sá möguleiki að gilda frá og með 1. janúar 2016.
- 13) Til að auka notkun á einfölduðum valkostum varðandi kostnað, sem um getur í b- til d-lið 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013, er nauðsynlegt að takmarka sértæku reglurnar fyrir Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, við aðstoð sem er veitt í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 21. gr. varðandi tekjutap og viðhaldskostnað og við 28. til 31. gr., 33. og 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
- 14) Í 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 er þess krafist að aðildarríkin ráðfæri sig við eftirlitsnefnd dreifbýlisþróunaráætlunarinnar um valviðmiðanirnar innan fjögurra mánaða frá samþykkt áætlunarinnar. Þetta skapar óbeina skuldbindingu fyrir aðildarríkin um að vera búin að skilgreina allar valviðmiðanirnar fyrir þann dag, jafnvel fyrir auglýsingar eftir umsóknum sem koma síðar meir. Til að draga úr óþarfa stjórnsýsluálagi og tryggja um leið að fjármagn sé nýtt á besta mögulega hátt ættu aðildarríki að hafa heimild til að skilgreina valviðmiðanirnar og óska eftir áliti eftirlitsnefndarinnar hvenær sem er áður en auglýsingar eftir umsóknum eru birtar.
- 15) Með það fyrir augum að auka notkun á uppskeru-, dýra- og plöntuþryggingum og á gagnkvæmum tryggingasjóðum og tekjustöðugleikaúrræðinu ætti að hækka hæsta hlutfall upphaflegs opinbers stuðnings úr 65% í 70%
- 16) Fjárhagslegt aðhald er notað til að tryggja að fjárhagsáætlunin fyrir Ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar (EAGF) sé í samræmi við videigandi árleg efri mörk fjárhagsrammans til margra ára og til að koma á fót varasjóðnum vegna krísuástands í landbúnaðargeiranum. Miðað við tæknilegt eðli ákvörðunarinnar um breytingarhlutfall beingreiðslna og innbyggð tengsl hennar við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um útgjöld, sem sett er fram í árlegum drögum hennar að fjárlögum, ætti að einfalda málsmeðferðina við að fastsetja breytingarhlutfallið með því að heimila framkvæmdastjórninni að samþykkja hana í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferð.
- 17) Í því skyni að samræma reglur um sjálfvirka niðurfellingu skuldbindingar, sem sett er fram í 87. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 og 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, ætti að aðlaga dagsetninguna þegar aðildarríkin eiga að vera búin að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um undanþágur frá niðurfellingunni sem um getur í 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.
- 18) Til að tryggja skýrleika laga að því er varðar meðferð endurheimta sem verða til vegna tímabundinna skerðinga skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 ætti að fella þær síðarnefndu inn í skrána yfir uppruna markaðra tekna skv. 43. gr. þeirrar reglugerðar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

- 19) Af ástæðum sem varða einföldun stjórnsýslu þykir rétt að hækka viðmiðunarmörkin, en aðildarríki geta ákveðið að ganga ekki í endurheimt á óréttmætum greiðslum sem eru undir þeim, úr 150 evrum í 250 evrum að því tilskildu að aðildarríkið beiti sömu eða hærri viðmiðunarmörkum við að endurheimta ekki landsbundnar skuldir.
- 20) Rétt þykir að tryggja að synjun um eða endurheimt greiðslna vegna þess að ekki var farið að reglum um opinber innkaup endurspegli alvarleika slíkra brota á reglum og að meðalhófsreglan sé virt, eins og hún kemur t.d. fram í viðeigandi leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin fastsetti um fjárhagslegar leiðréttingar sem gera skal á útgjöldum sem Sambandið fjármagnar undir sameiginlegri stjórnun, á grundvelli brota á slíkum reglum. Enn fremur þykir rétt að skýra nánar að slík brot á reglum hafa einungis áhrif á lögmæti viðskiptanna og samræmi við reglur að því er varðar þann hluta aðstoðarinnar sem ekki skal greiða út eða sem skal draga til baka.
- 21) Til að draga úr stjórnsýsluálagi fyrir smábændur ætti að innleiða frekari undanþágu sem undanskilur smábændur frá því að telja fram landspildur sem ekki er sótt um greiðslur fyrir.
- 22) Með hliðsjón af raunverulegum og sértækum erfiðleikum sem samræming á greiðslufrestum vegna svæðistengdra greiðslna milli Ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar og Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar hefur leitt til ætti að framlengja umbreytingartímabilið um eitt ár í viðbót. Að því er varðar svæðistengdar ráðstafanir vegna dreifbýlisþróunar ætti þó áfram að vera mögulegt, til að viðhalda fjárstreymi hjá bændum, að fá fyrirframgreiðslur fyrir 16. október.
- 23) Til að koma til móts til fjölbreytileika landbúnaðarkerfa í öllu Sambandinu þykir rétt að heimila aðildarríkjum að líta á plægingu, sem skiptir máli fyrir ræktunarfræðilega og umhverfislega þætti, sem viðmiðun til notkunar við flokkun á fastagraslendi.
- 24) Tiltekinn runnagróður eða tré sem dýr nýta ekki beint til beitar geta samt sem áður gefið af sér dýrafóður. Aðildarríkin ættu að hafa heimild til að taka slíkan runnagróður eða tré með á fastagraslendi, þar sem grastegundir og aðrar jurtkenndar fóðurjurtir eru ríkjandi áfram, á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess.
- 25) Til að skýra nánar flokkunina sem var notuð fyrir árið 2018 þegar hvíldarland taldist vera ræktanlegt land ef það hafði verið þannig í fimm ár eða lengur og til að veita bændum, sem málið varðar, vissu ættu aðildarríkin að geta viðhaldið flokkun sinni á því sem ræktanlegu landi á árinu 2018.
- 26) Land sem hægt er að nýta til beitar, þar sem gras og aðrar jurtkenndar fóðurjurtir eru ekki ríkjandi eða eru ekki til staðar og þar sem beitaradferðir eru hvorki hefðbundnar í eðli sínu né mikilvægar fyrir varðveislu lífvistar og búsvæða, getur samt sem áður haft gildi sem beitarland á tilteknum svæðum. Aðildarríkin ættu að hafa heimild til að líta á þessi svæði sem fastagraslendi á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess.
- 27) Sú reynsla sem fékkst á fyrstu árum framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 ⁽¹⁾ sýndi að tiltekin aðildarríki sem beittu samræmda, svæðistengda greiðslukerfinu notuðu ekki allt það fjármagn sem var til ráðstöfunar samkvæmt efri mörkum fjárveitinga sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1089 ⁽²⁾. Aðildarríki sem nota grunnreiðsluáætlunina hafa þegar möguleika á, innan tiltekinna marka, að útdeila greiðsluréttindum fyrir herra gildi en sú fjárhæð er sem er til ráðstöfunar fyrir grunnreiðsluáætlun þeirra til að tryggja hagkvæmari nýtingu fjármagnsins. Aðildarríkjum sem beita samræmda, svæðistengda greiðslukerfinu ætti einnig að vera heimilt, innan sömu sameiginlegu marka og með fyrirvara um að hrein, efri mörk vegna beingreiðslna séu virt, að reikna út þá fjárhæð sem er nauðsynleg til að unnt sé að hækka mörk samræmda, svæðistengda greiðslukerfisins þeirra.
- 28) Tiltekin aðildarríki reka landsbundnar skatt- eða almannatryggingaskrár þar sem bændur eru skráðir fyrir landbúnaðarstarfsemi sinni. Þessi aðildarríki ættu að geta útilokað bændur, sem ekki eru tilhlýðilega skráðir, frá möguleikanum að fá beingreiðslur.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bændu samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefunnar og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 637/2008 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 608).

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1089 frá 6. júlí 2015 um að fastsetja efri mörk fjárveitinga fyrir árið 2015, sem gilda um tiltekin bein stuðningskerfi sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1307/2013, og um að ákvarða hlutdeild sem rennur í sérstakan varasjóð til eyðingar jarðsprengna í Króatíu (Stjtið. ESB L 176, 7.7.2015, bls. 29).

- 29) Þar eð fyrri reynsla sýndi að í einhverjum tilfellum var veittur stuðningur til einstaklinga eða lögaðila með rekstur sem miðaðist ekki, eða einungis að litlu leyti, við landbúnaðarstarfsemi var ákvæðið um virka bændur innleitt með reglugerð (ESB) nr. 1307/2013. Samkvæmt því eiga aðildarríkin að láta vera að veita tilteknum aðilum beingreiðslur nema þessir aðilar geti sýnt fram á að landbúnaðarstarfsemi þeirra sé ekki smávægileg. Síðari reynsla hefur þó sýnt að mörgum aðildarríkjum hefur reynst erfitt að koma viðmiðunum þremur, sem eru taldar upp í þriðju undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, fyrir því að teljast vera virkur bóndi til framkvæmda. Til að draga úr stjórnsýslu-álaginu sem tengist því að koma þessum þremur viðmiðunum til framkvæmda ættu aðildarríkin að hafa þann möguleika að ákveða að einungis ein þeirra eða tvær standi til boða til að sýna fram á að aðili sé virkur bóndi.
- 30) Enn fremur er reynsla sumra aðildarríkja sú að erfiðleikarnir og stjórnsýslukostnaðurinn við framkvæmd þeirra þátta sem tengjast skránni yfir starfsemi eða fyrirtæki sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 hafi vegið þyngra en ávinningurinn af því að útiloka mjög lítinn fjölda óvirkra aðstoðarþega frá beinum stuðningskerfum. Ef aðildarríki telur að þetta sé tilfellið ætti það að geta hætt að beita 9. gr. hennar í tengslum við skrána yfir starfsemi eða fyrirtæki.
- 31) Rétt þykir að taka skýrt fram að með 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 er aðildarríkjum heimilað að endurskoða árlega ákvarðanir sínar um að skerða þann hluta grunnreiðslunnar, sem veita á bændum, sem fer yfir 150 000 evrur, að því tilskildu að slík endurskoðun leiði ekki til þess að fjárhæðirnar, sem eru fáanlegar til dreifbýlisþróunar, lækki.
- 32) Til að aðildarríki geti aðlagð stuðning innan sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar að sérstökum þörfum sínum ætti að gefa þeim viðeigandi tækifæri til að endurskoða ákvörðun sína um að yfirfæra fé frá beingreiðslumörkum sínum yfir í dreifbýlisþróunaráætlanir sínar og öfugt. Því ætti einnig að gefa þeim kost á að endurskoða ákvörðun sína frá og með almanaksárinu 2019, að því tilskildu að slík ákvörðun hafi ekki í för með sér lækun á þeim fjárhæðum sem er úthlutað til dreifbýlisþróunar.
- 33) Til viðbótar við að nota línulega skerðingu á verðgildi greiðsluréttinda innan grunnreiðsluáætlunarinnar til að endurnýja lands- eða svæðisbundna varasjóði til að stuðla að þátttöku ungra bænda og bænda sem eru að hefja landbúnaðarstarfsemi í stuðningskerfinu ætti aðildarríkjum einnig að vera heimilt að nota sama fyrirkomulagið til að fjármagna ráðstafanir sem eru gerðar til að koma í veg fyrir að land falli í órækt og til að bæta bændum upp tiltekið óhagræði.
- 34) Til að einfalda og bæta samræmi milli reglna sem gilda um grænkunarráðstafanir ætti að rýmka undanþáguna frá skuldbindingunni um vistfræðileg áherslusvæði sem gilda um bú þar sem belgjurtir eru ræktaðar sem eina nytjaplantan eða með grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum, eða um hvíldarland sem nemur meira en 75% ræktanlegs lands skv. a-lið 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, þannig að hún nái yfir skuldbindinguna um að auka fjölbreytni í ræktun.
- 35) Til að tryggja samræmi í því hvernig litið er á nokkrar tegundir nytjaplantna vegna umtalsverðrar útbreiðslu þeirra á svæðum, í tengslum við kröfuna um að auka fjölbreytni í ræktun nytjaplantna, ætti að rýmka sveigjanleikann í beitingu reglnanna um að auka fjölbreytni í ræktun nytjaplantna skv. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 þannig að þær nái yfir ræktun nytjaplantna sem eru á kafi í vatni umtalsverðan tíma ársins eða umtalsverðan tíma ræktunarhringrásarinnar (e. *crop cycle*).
- 36) Til að einfalda núgildandi undanþágur frá skuldbindingunni um að auka fjölbreytni í ræktun, sem sett er fram í a- og b-lið 3. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, sem gildir um land sem er aðallega notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum eða til að rækta belgjurtir eða til að rækta nytjaplöntur sem eru á kafi í vatni eða sem er aðallega hvíldarland eða fastagraslendi, og til að tryggja að allir bændur með sama landnotkunarlutfall njóti jafnrar meðferðar, ættu efri mörkin um 30 hektara af ræktanlegu landi ekki lengur að gilda.
- 37) Til að taka til greina ræktunarfræðilegt sértæki spelts (*Triticum spelta*) ætti að líta á það sem aðgreinda nytjaplöntu að því er varðar 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013.

- 38) Til að einfalda núgildandi undanþágur frá skuldbindingunni um vistfræðileg áherslusvæði, sem sett er fram í a- og b-lið 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, sem gildir um land sem er aðallega notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum eða til að rækta belgjurtir eða til að rækta nytjaplöntur sem eru á kafi í vatni eða sem er aðallega hvíldarland eða fastagraslendi, ættu efri mörkin um 30 hektara af ræktanlegu landi ekki lengur að gilda.
- 39) Að teknu tilliti til möguleikans á óbeinum umhverfislegum ávinningi fyrir líffræðilega fjölbreytni sem getur komið til vegna tiltekinnar fjölargra nytjaplantna ætti að rýmka skrána yfir tegundir vistfræðilegra áherslusvæða, sem sett er fram í 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, þannig að hún nái yfir *Miscanthus* og bollafífil (*Silphium perfoliatum*). Með það í huga að gerð gróðurþekju getur haft jákvæð áhrif á framlag hvíldarlands til líffræðilegrar fjölbreytni ætti að viðurkenna hvíldarland með plöntum sem gefa af sér hunang (e. *melliferous plant*) sem sérstaka tegund af vistfræðilegu áherslusvæði. Af þessum sökum ætti að fastsetja vægisstuðla fyrir *Miscanthus*, bollafífil (*Silphium perfoliatum*) og hvíldarland með plöntum sem gefa af sér hunang. Vægisstuðlana ætti að fastsetja á þann hátt að það endurspegli mismunandi mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni. Uptaka viðbótartegunda af vistfræðilegum áherslusvæðum kallar á að fyrirbyggjandi vægisstuðlar fyrir svæði með köfnunarefnisbindandi nytjaplöntum og fyrir svæði með kjarrvið með stuttan skiptiræktunartíma verði aðlagðir til að endurspeglu nýja jafnvægið milli allra tegunda vistfræðilegra áherslusvæða.
- 40) Reynslan sem fengist hefur af beitingu stuðningskerfisins fyrir unga bændur skv. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 hefur sýnt að í sumum tilvikum geta ungir bændur ekki notið ávinnings af öllu fimm ára stuðnings-tímabilinu. Þó að áherslan með þessum stuðningi sé áfram á nýja efnahagslega starfsemi ungs fólks sem er að hefja búskap ættu aðildarríkin einnig að greiða fyrir aðgangi ungra bænda að greiðslum fyrir unga bændur í fimm heil ár í tilvikum þegar ungir bændur hafa ekki sótt um stuðning strax og þeir hefja búskap.
- 41) Sum aðildarríki hafa metið það sem svo að greiðslan til ungra bænda skv. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 nægi ekki til að bregðast á viðunandi hátt við þeim fjárhagslegu áskorunum sem felast í því að hefja búskap í fyrsta skipti og skipulagsbreytingum á búrekstrareiningum sem ungir bændur koma upp. Til að efla enn frekar horfurnar á þátttöku ungra bænda í búskap ættu aðildarríki að hafa þann möguleika að ákveða að hækka hlutfallið, sem er notað til að reikna út fjárhæð greiðslunnar til ungra bænda, um á bilinu 25% til 50% og án tillits til þeirrar reikniaðferðar sem er notuð. Slík ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á mörkin, sem nema 2% af landsbundnum efri mörkum þeirra, fyrir beingreiðslur til að fjármagna greiðslur til ungra bænda.
- 42) Til að auka skýrleika með tilliti til ábyrgðar aðildarríkja að því er varðar framleiðslutakmarkandi eðli valfrjáls framleiðslutengds stuðnings þykir rétt að breyta samsetningu 5. og 6. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013. Það eð breytta samsetningin endurspeglar núgildandi verklag frá 1. janúar 2015, að því er varðar umrædd ákvæði, þykir rétt að hún komi til framkvæmda frá og með umsóknarárinu 2015.
- 43) Til að tryggja mesta mögulega samræmið milli áætlana Sambandsins sem beinast að geirum sem, á tilteknum árum, einkennast af kerfislægum óstöðugleika á markaði ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykka framseldar gerðir til að heimila aðildarríkjum að ákveða að halda megi áfram að greiða út valfrjálsan framleiðslutengdan stuðning fram til 2020 á grundvelli þeirra framleiðslueininga sem slíkur stuðningur var veittur fyrir á fyrra viðmiðunartímabili.
- 44) Til að auka sveigjanleikann, að því er varðar valfrjálsan framleiðslutengdan stuðning, ættu aðildarríkin að hafa heimild til að endurskoða ákvarðanir sínar um stuðning á hverju ári frá og með umsóknarárinu 2019.
- 45) Ein helsta hindrunin í veginum fyrir myndun samtaka framleiðenda, þá einkum í aðildarríkjum sem hafa dregist aftur úr að því er varðar skipulagsstig, virðist vera skortur á gagnkvæmu trausti og fyrri reynsla. Í þessu samhengi gæti markþjálfun, þar sem starfandi samtök framleiðenda leiðbeina öðrum samtökum framleiðenda, hópum framleiðenda eða einstökum framleiðendum aldina og grænmetis, vegið upp á móti þeirri hindrun og því ætti hún að vera eitt af markmiðum samtaka framleiðenda í geira aldina og grænmetis.
- 46) Til viðbótar við töku af markaði til ókeypis dreifingar þykir einnig rétt að veita fjárstuðning til markþjálfunaraðgerða sem er ætlað að hvetja framleiðendur til að koma á fót samtökum sem uppfylla viðmiðanir fyrir því að fá viðurkenningu til að geta notið ávinnings af fullri fjármögnun frá Sambandinu innan aðgerðaáætlana samtaka framleiðenda sem fyrir eru.

- 47) Rýmka ætti forvarnir gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafanir þannig að þær nái yfir endurnýjun gagnkvæmra tryggingasjóða sem gætu, sem nýjar fjármögnunarleiðir, aðstoðað við að takast á við krísur og við kynningar og samskipti til að auka fjölbreytni og sameina markaðina fyrir aldin og grænmeti.
- 48) Til að einfalda nágildandi málsmeðferð, þar sem aðildarríkjum er fyrst heimilað að veita samtökum framleiðenda landsbundna viðbótarfjárhagsaðstoð á svæðum Sambandsins þar sem skipulagsstigið er sérstaklega lágt og síðan er hluti af landsbundnu fjárhagsaðstoðinni endurgreiddur ef frekari skilyrði eru uppfyllt, ætti að koma á fót nýju kerfi fyrir aðildarríki þar sem skipulagsstigið er umtalsvert lægra en meðaltalið í Sambandinu. Til að tryggja snurðulaus umskipti frá nágildandi málsmeðferð yfir í nýja kerfið ætti að kveða á um eins árs umbreytingartímabil. Því ætti nýja kerfið að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.
- 49) Til að tryggja vernd fyrir brennd vín með landfræðilega merkingu gegn hættu á óréttmætri nýtingu á orðspori ættu aðildarríkin að hafa heimild til að beita reglunum um veitingu leyfa til plöntunar á vínið sem hentar til framleiðslu á víni með landfræðilega merkingu einnig um vín sem henta til framleiðslu á brenndum vínum með landfræðilega merkingu.
- 50) Notkun á samningum í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum getur stuðlað að því að styrkja ábyrgð rekstraraðila og auka meðvitund þeirra um þörfina fyrir að taka meira tillit til vísbendinga frá markaðnum, bæta miðlun verðs og aðlaga framboð að eftirspurn, sem og að aðstoða við að forðast tiltekna óréttmæta viðskiptahætti. Til að hvetja til notkunar á slíkum samningum í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum, sem og í öðrum geirum, ættu framleiðendur, samtök framleiðenda eða félög samtaka framleiðenda að eiga rétt á að óska eftir skriflegum samningi, jafnvel þó að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki gert notkun slíkra samninga skyldubundna.
- 51) Þó að aðilum að samningi um afhendingu á hrámjólk sé frjálst að semja um þætti slíkra samninga hefur aðildarríkjum sem gera notkun slíkra samninga skyldubundna verið veitt tækifæri til að koma á tilteknum samningsákvæðum, einkum um lágmarksgildistíma. Með það fyrir augum að gera aðilunum kleift að ná skýrleika í samningum, að því er varðar afhent magn og verð, ættu aðildarríkin einnig að hafa möguleika á að leggja þá skuldbindingu á samningsaðilana að þeir komi sér saman um tengsl á milli magns sem er afhent og verðs sem þarf að greiða fyrir þá afhendingu.
- 52) Samtök framleiðenda og félög þeirra geta gegnt gagnlegu hlutverki til að efla framboð, bæta setningu á markað, áætlanagerð og aðlögun framleiðslu að eftirspurn, hagræða framleiðslukostnaði og halda verði framleiðenda stöðugu, framkvæma rannsóknir, stuðla að bestu starfsvenjum og veita tæknaaðstoð, halda utan um aukaafurðir og áhættu- stjórnunartæki sem standa aðilum þeirra til boða og stuðla þannig að því að styrkja stöðu framleiðenda í matvælaferlinu. Starfsemi þeirra, þ.m.t. samningaviðræður um framboð slíkra samtaka framleiðenda og félaga þeirra á landbúnaðarafurðum þegar þau efla framboð og setja afurðir aðila sinna á markað, stuðlar þess vegna að því að uppfylla markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), þar eð hún styrkir stöðu bænda innan birgðakeðjunnar fyrir matvæli og getur stuðlað betri virkni birgðakeðjunnar fyrir matvæli. Endurbæturnar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni á árinu 2013 styrktu hlutverk samtaka framleiðenda. Því ætti að setja skýrar reglur, þrátt fyrir 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, um að möguleikinn á að stunda starfsemi á borð við framleiðsluáætlun, kostnaðarhagræðingu, setningu afurða aðila í samtökum framleiðenda á markað og framkvæmd samningaviðræðna sé réttur viðurkenndra samtaka framleiðenda í öllum geirum sem komið er á sameiginlegu markaðskerfi fyrir með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾. Sú undanþága ætti einungis að ná yfir samtök framleiðenda sem stunda í raun og veru starfsemi sem miðar að efnahagssamvinnu og sem þetta framboð og setja afurðir aðila sinna á markað. Til viðbótar við beitingu 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um slík samtök framleiðenda ætti þó að gera verndarráðstafanir til að tryggja að slík starfsemi útiloki ekki samkeppni eða stofni markmiðunum sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í hættu. Samkeppnisyfirlönd ættu að eiga rétt á að skerast í leikinn í slíkum tilvikum og ákveða að í framtíðinni ætti að breyta slíkri starfsemi, hætta henni eða að hún ætti alls ekki að eiga sér stað. Þangað til samkeppnisyfirlönd samþykkja ákvörðun ætti starfsemi samtaka framleiðenda að teljast lögmæt. Félög samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 156. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ættu að geta reitt sig á þá undanþágu, að því er varðar þá starfsemi sem þau stunda sjálf, að sama marki og samkvæmt sömu skilyrðum og samtök framleiðenda.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

- 53) Samtök framleiðenda eru viðurkennd í tilteknum geira eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Þar eð samtök framleiðenda kunna að starfa innan fleiri en eins geira og til að forðast stjórnsýsluálag með því að skylda þau til að stofna nokkur félög framleiðenda til að fá viðurkenningu ætti því að vera mögulegt fyrir samtök framleiðenda að fá fleiri en eina viðurkenningu. Í slíkum tilvikum ættu þó samtök framleiðenda, sem um ræðir, að uppfylla skilyrðin fyrir viðurkenningu í öllum þeim geirum sem um ræðir.
- 54) Með hliðsjón af því hlutverki sem fjölgreinasamtök geta gegnt í betri virkni birgðakeðjunnar fyrir matvæli ætti að rýmka skrána yfir möguleg markmið, sem slík fjölgreinasamtök geta stefnt að, þannig að hún nái einnig yfir ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna áhættum sem tengjast dýraheilbrigði, plöntuvernd og umhverfinu.
- 55) Fjölgreinasamtök eru viðurkennd í tilteknum geira eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Þar eð fjölgreinasamtök kunna að starfa innan fleiri en eins geira og til að forðast stjórnsýsluálag með því að skylda þau til að stofna nokkur fjölgreinasamtök til að fá viðurkenningu ætti að vera mögulegt fyrir fjölgreinasamtök að fá fleiri en eina viðurkenningu. Í slíkum tilvikum ættu þó fjölgreinasamtök, sem um ræðir, að uppfylla skilyrðin fyrir viðurkenningu í öllum þeim geirum sem um ræðir.
- 56) Til að stuðla að betri miðlun markaðsvisbendinga og styrkja tengslin milli verðs framleiðenda og virðisaukans gegnum alla birgðakeðjuna ættu bændur, þ.m.t. samtök bænda, að hafa heimild til að gera samkomulag við fyrsta kaupanda þeirra um ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu, þ.m.t. markaðstengdur ágóði og tap (e. *market bonuses and losses*). Þar eð fjölgreinasamtök geta gegnt mikilvægu hlutverki í því að koma á samræðum milli aðila að birgðakeðjunni og í að stuðla að bestu starfsvenjum og gagnsæi á markaðinum ætti þeim að vera heimilt að setja stöðluð ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu. Hins vegar ætti notkun bænda, samtaka bænda og fyrsta kaupanda þeirra að ákvæðum um sameiginlega verðmætaskiptingu áfram að vera valkvæð.
- 57) Reynslan sem fengist hefur af beitingu 188. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur sýnt fram á að þörfin á að samþykkja framkvæmdargerðir til að stjórna einföldum stærðfræðilegum ferlum sem tengjast því hvernig kvótum er úthlutað er þung í vöfum og tímaflek án þess að nokkrir sérstakir kostir tengist slíkri nálgun. Framkvæmdastjórnin hefur í raun ekkert svigrúm til að taka eigin ákvarðanir í þessu samhengi þar eð tengda formúlan er þegar fastsett með 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1301/2006⁽¹⁾. Til að draga úr tengdu stjórnsýsluálagi og einfalda ferlið ætti að kveða á um að framkvæmdastjórnin geri niðurstöðurnar úr úthlutuninni á tollkvótunum opinbera með viðeigandi birtingu á netinu. Enn fremur ætti að fella inn sértækt ákvæði þar sem kveðið er á um að aðildarríki skulu einungis gefa út leyfi eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt niðurstöðurnar úr úthlutuninni.
- 58) Til að tryggja að samtök bænda eða framleiðenda eða félaga þeirra nýti sér 209. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 með skilvirkum hætti ætti að innleiða þann möguleika að óska eftir álit framkvæmdastjórnarinnar á því hvort samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir samtaka bænda eða framleiðenda eða félaga þeirra samrýmist markmiðunum sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 59) Til að tryggja að unnt sé að koma ákvæðunum í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, þar sem sameiginlegir samningar og ákvarðanir um að halda hlutaðeigandi geirum stöðugum tímabundið á tímabilum þegar mikill óstöðugleiki er á mörkuðum eru heimilud, til framkvæmda með skilvirkum hætti og tímanlega ætti að rýmka möguleikann á slíkum sameiginlegum aðgerðum þannig að hann nái yfir bændur og samtök bænda. Enn fremur ætti ekki lengur að heimila slíkar tímabundnar ráðstafanir sem síðasta úrræðið en þær gætu verið viðbót við aðgerðir Sambandsins í tengslum við opinbera íhlutun, einkageymslu og þær sérlegu ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.
- 60) Þar eð rétt þykir að halda áfram að aðstoða mjólkur- og mjólkurafurðageirann við umbreytinguna sem leiðir af endalokum kvótakerfisins og hvetja hann til að bregðast á áhrifaríkari hátt við sveiflum á mörkuðum og í verði ættu ákvæðin í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem styrkja samningsbundna fyrirkomulagið í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum, ekki lengur að vera með lokadagsetningu.
- 61) Búvörumarkaðir ættu að vera gagnsærir og upplýsingar um verð ættu að vera aðgengilegar og gagnlegar fyrir alla sem málið varðar.

(1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1301/2006 frá 31. ágúst 2006 um sameiginlegar reglur um stjórnun tollkvóta á innflutningi landbúnaðarafurða sem stjórnað er með kerfi innflutningsleyfa (Stjtið. ESB L 238, 1.9.2006, bls. 13).

- 62) Reynslan sem fengist hefur af beitingu A-þáttar II. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 hefur sýnt fram á að þörfin á að samþykkja framkvæmdargerðir til að samþykkja takmarkaða hækkun á mörkum fyrir auðgun víns, sem er tæknileg og óumdeilanleg í eðli sínu, er þung í vöfum og tímafrek án þess að nokkrir sérstakir kostir tengist slíkri nálgun. Til að draga úr tengdu stjórnsýsluálagi og einfalda ferlið ætti að kveða á um að aðildarríki sem ákveða að nýta sér þá undanþágu skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ákvarðanir.
- 63) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 ⁽¹⁾ er kveðið á um þann möguleika að einungis megi skipta skuldbindingum samkvæmt fjárlögum niður í árlegar greiðslur ef um er að ræða samþykki fyrir áætlunum til margra ára um útrýmingu, varnir og eftirlit með dýrasjúkdómum og sjúkdómum sem berast milli manna og dýra, rannsóknaráætlunum sem varða tilvist meindýra og áætlunum sem varða varnir gegn meindýrum á ystu svæðum Sambandsins. Til einföldunar og til að draga úr stjórnsýsluálagi ætti að rýmka þann möguleika þannig að hann nái yfir aðrar aðgerðir sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 64) Til að mögulegt sé að beita þeim breytingum sem kveðið er á um í þessari reglugerð frá og með 1. janúar 2018 ætti hún að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 65) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 1305/2013, (ESB) nr. 1306/2013, (ESB) nr. 1307/2013, (ESB) nr. 1308/2013 og (ESB) nr. 652/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1305/2013

Reglugerð (ESB) nr. 1305/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað n-liðar kemur eftirfarandi:

„n) „ungur bóndi“: einstaklingur sem er ekki eldri en 40 ára þegar umsóknin er lögð fram, býr yfir nægilegri verkfærni og hæfi og er að hefja búskap í fyrsta skipti á búrekstrareiningu sem yfirmaður búsin; hann má hefja búskap á eigin spýtur eða í samvinnu við aðra bændur, án tillits til rekstrarforms að lögum,“.

- b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„s) „dagur er búskapur hefst“: sá dagur þegar umsækjandi framkvæmir eða lýkur aðgerð eða aðgerðum sem tengjast því að hefja búskap sem um getur í n-lið.“

- 2) Í stað ii. liðar h-liðar 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. töflu þar sem fram kemur, fyrir hverja ráðstöfun, fyrir hverja tegund rekstrar með tiltekið hlutfall framlags frá Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar, fyrir tegund rekstrar sem um getur í 1. mgr. 37. gr. og 39. gr. a og fyrir tækniástoð, fyrirhugað heildarframlag Sambandsins og viðeigandi hlutfall framlags úr Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar. Eftir atvikum skal tilgreina sérstaklega í þessari töflu hlutfall framlags frá Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar til landsvæða sem eru á eftir í þróun og til annarra svæða,“.

- 3) Í stað 4. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Styrkhæfur kostnaður samkvæmt þessari ráðstöfun skal vera kostnaðurinn við að skipuleggja og afhenda yfirfærslu þekkingar eða aðgerð á sviði upplýsinga. Heimilt er að nota grunnvirki sem eru sett upp vegna sýnikennslu eftir að aðgerðinni lýkur. Ef um sýniverkefni er að ræða má stuðningurinn einnig ná yfir viðeigandi fjárfestingarkostnað. Kostnaður vegna ferðalaga, gistingar og útgjöld vegna dagpeninga þátttakenda ásamt kostnaði við að skipta út bændum skal einnig vera styrkhæfur. Allur kostnaður sem er tilgreindur í þessari málsgrein skal greiddur til aðstoðarþegans.“

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 frá 15. maí 2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna, um breytingu á tilskipunum ráðsins 98/56/EB, 2000/29/EB og 2008/90/EB, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 882/2004 og (EB) nr. 396/2005, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 og niðurfellingu á ákvæðunum ráðsins 66/399/EBE, 76/894/EBE og 2009/470/EB (Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 1).

4) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðstoðarþegi sem þiggur stuðning, sem er veittur í samræmi við a- og c-lið 1. mgr., skal vera veitandi ráðgjafar eða þjálfunar eða stjórnunaryfirvald. Ef stjórnunaryfirvaldið er aðstoðarþegi skal veitandi ráðgjafar eða þjálfunar valinn af stofnun sem er rekstrarlega óháð stjórnunaryfirvaldinu. Stuðningur skv. b-lið 1. mgr. skal veittur því yfirvaldi eða þeirri stofnun sem er valin til að koma á fót búrestrar-, afleysingar- og ráðgjafarþjónustu eða ráðgjafarþjónustu varðandi skógrækt.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Yfirvöld eða stofnanir sem eru valdar til að veita ráðgjöf skulu búa yfir viðeigandi tilföngum í formi til þess hæfs stafsfólks sem hlýtur reglulega þjálfun, reynslu á sviði ráðgjafar og áreiðanleika með tilliti til þeirra sviða sem þær veita ráðgjöf á. Veitendur samkvæmt þessari ráðstöfun skulu valdir í valferli sem er opið bæði opinberum aðilum og einkaaðilum. Valferlið skal vera hlutlægt og umsækjendur skulu útilokaðir ef um hagsmunaárekstur er að ræða.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Að því er varðar þessa grein skulu aðildarríki, í samræmi við 1. mgr. 65. gr., framkvæma allar athuganir hjá veitanda ráðgjafar eða þjálfunar.“

5) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stuðningur samkvæmt þessari ráðstöfun skal taka til nýrrar þátttöku bænda og hópa bænda, eða þátttöku þeirra á næstliðnum fimm árum, í:“

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stuðningur samkvæmt þessari ráðstöfun má einnig ná yfir kostnað sem stafar af upplýsinga- og kynningarstarfsemi, sem hópar framleiðenda koma í framkvæmd, varðandi afurðir sem falla undir gæðaáætlun sem fær stuðning í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar. Þrátt fyrir 3. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 má einungis koma umræddum aðgerðum til framkvæmda á innri markaðnum.

3. Stuðningur skv. 1. mgr. skal veittur sem árleg hvatagreiðsla og skal upphæð hennar ákvörðuð í samræmi við upphæð fastakostnaðar sem stafar af þátttöku í áætlunum sem njóta stuðnings í mest fimm ár.

Ef um er að ræða upphaflega þátttöku áður en sótt er um stuðning skv. 1. mgr. skal stytta fimm ára hámarksstuðningstímabilið um þann árafjölda sem er liðinn á milli upphaflegrar þátttöku í gæðakerfi og fram að umsókninni um stuðninginn.

Að því er þessa málsgrein varðar skal „fastakostnaður“ vera sá kostnaður sem stofnað er til við upphaf aðildar að gæðakerfi sem nýtur stuðnings og árlegt framlag vegna þátttöku í því kerfi, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, útgjöld vegna eftirlits sem krafist er til að sannreyna að farið sé að forskriftum í kerfinu.

Að því er þessa grein varðar skal „bóndi“ vera virkur bóndi í skilningi 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki.“

6) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) varða vinnslu, setningu á markað og/eða þróun landbúnaðarafurða, að undanskildum lagarafurðum, eða baðmullar sem falla undir I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins; framleiðslan í framleiðsluferlinu getur verið afurð sem ekki fellur undir þann viðauka; ef stuðningur er veittur í formi fjármögnunarleiða getur framleiðslan einnig verið afurð sem ekki fellur undir þann viðauka með því skilyrði að fjárfestingin sé framlag til eins eða fleiri forgangsverkefna Sambandsins á sviði dreifbýlisþróunar.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Veita má ungum bændum sem eru að hefja búskap í fyrsta skipti á búrekstrareiningu, sem yfirmenn búsin, stuðning að því er varðar fjárfestingar til að fara að Sambandsstöðlum sem gilda um landbúnaðarframleiðslu, þ.m.t. um öryggi á vinnustað. Veita má slíkan stuðning í að hámarki 24 mánuði frá þeim degi er búskapur hefst, eins og sett er fram í dreifbýlisþróunaráætluninni, eða þar til aðgerðunum, sem eru skilgreindar í viðskiptaáætluninni sem um getur í 4. mgr. 19. gr., er lokið.“

7) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Umsóknin um stuðning skv. i. lið a-liðar 1. mgr. skal lögð fram eigi síðar en 24 mánuðum eftir þann dag er búskapur hefst.

Stuðningur skv. a-lið 1. mgr. skal vera með því skilyrði að viðskiptaáætlun sé lögð fram. Framkvæmd viðskiptaáætlunarinnar skal hefjast innan níu mánaða frá þeim degi þegar ákvörðunin um veitingu aðstoðarinnar er tekin. Viðskiptaáætlunin skal ekki vara lengur en í fimm ár.

Í viðskiptaáætluninni skal kveða á um að ungi bóndinn skuli fara að 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki, innan 18 mánaða frá því að ákvörðunin um veitingu aðstoðarinnar var tekin.

Aðildarríkin skulu skilgreina þá aðgerð eða þær aðgerðir sem um getur í s-lið 1. mgr. 2. gr. í dreifbýlisþróunaráætlunum.

Aðildarríki skulu skilgreina efri og neðri viðmiðunarmörkin fyrir hvern aðstoðarþega eða bú til að veita aðgang að stuðningi skv. i. lið a-liðar og iii. lið a-liðar 1. mgr. Neðri viðmiðunarmörkin fyrir stuðning skv. i. lið a-liðar 1. mgr. skulu vera hærri en efri viðmiðunarmörkin fyrir stuðning skv. iii. lið a-liðar 1. mgr. Stuðningur skal takmarkast við bú sem falla undir skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Þrátt fyrir 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 má einnig veita stuðning skv. i. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar í formi fjármögnunarleiða eða sem samsetningu af styrkjum og fjármögnunarleiðum.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Stuðningur skv. a-lið 1. mgr. skal greiddur út í a.m.k. tveimur greiðslum. Greiðslur geta farið stíglækkandi. Síðasta greiðslan skv. i. lið a-liðar og ii. lið a-liðar 1. mgr. skal vera með því skilyrði að viðskiptaáætlun sé rétt framkvæmd.“

8) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 20. gr.:

„4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar stuðningur er veittur í formi fjármögnunarleiða.“

9) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„23. gr.

Landbúnaðarskógrækt komið á fót, endurreist eða endurnýjuð“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stuðningur skv. b-lið 1. mgr. 21. gr. skal veittur eigendum einkalands, sveitarfélögum og samtökum þeirra og skal taka til kostnaðar við að koma á fót, við endurreisn og/eða endurnýjun og árlegs framlags á hvern hektara til að greiða kostnaðinn af viðhaldi í fimm ár hið mesta.“

10) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Við útreikning á greiðslunum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu aðildarríki draga frá þá fjárhæð sem nauðsynleg er til að útiloka tvíþjármögnun starfseminnar sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013. Aðildarríkjum er heimilt að reikna frádráttinn sem fasta meðalfjárhæð sem gildir gagnvart öllum hlutaðeigandi aðstoðarþegum sem stunda þá starfsemi sem um ræðir.“

b) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Veita má stuðning til varðveislu og til sjálfbærrar nýtingar og þróunar á erfðaauðlindum í landbúnaði, þ.m.t. framandi auðlindir, fyrir rekstur sem fellur ekki undir ákvæði skv. 1. til 8. mgr. Aðstoðarþegar, aðrir en þeir sem um getur í 2. mgr., mega inna slíkar skuldbindingar af hendi.“

11) Ákvæðum 29. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stuðningur samkvæmt þessari ráðstöfun skal veittur, á hvern hektara landbúnaðarsvæðis, til bænda eða hópa bænda sem taka að sér, að eigin frumkvæði, að umbreyta eða viðhalda lífrænum búskaparháttum og aðferðum eins og er skilgreint í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og sem eru virkir bændur í skilningi 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki.“

b) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Við útreikning á greiðslunum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu aðildarríki draga frá þá fjárhæð sem nauðsynleg er til að útiloka tvíþjármögnun starfseminnar sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013. Aðildarríkjum er heimilt að reikna frádráttinn sem fasta meðalfjárhæð sem gildir gagnvart öllum hlutaðeigandi aðstoðarþegum sem framkvæma viðkomandi undirráðstafanir.“

12) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„Við útreikning á greiðslunum sem tengjast stuðningnum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu aðildarríki draga frá þá fjárhæð sem nauðsynleg er til að útiloka tvíþjármögnun starfseminnar sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013. Aðildarríkjum er heimilt að reikna frádráttinn sem fasta meðalfjárhæð sem gildir gagnvart öllum hlutaðeigandi aðstoðarþegum sem framkvæma viðkomandi undirráðstafanir.“

13) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bændur sem taka að sér að stunda landbúnaðarstarfsemi sína á þeim svæðum sem eru tilgreind skv. 32. gr. og eru virkir bændur í skilningi 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013 skulu fá greiðslur, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Til viðbótar við greiðslurnar sem kveðið er á um í 2. mgr. er aðildarríkjum heimilt að veita greiðslur samkvæmt þessari ráðstöfun á tímabilinu frá 2014 til 2020 til aðstoðarþega á svæðum sem töldust styrkhæf skv. ii. lið a-liðar 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005 á áætlunartímabilinu 2007–2013. Að því er varðar aðstoðarþega á svæðum sem ekki eru lengur styrkhæf eftir nýju afmörkunina sem um getur í 3. mgr. 32. gr. skulu þessar greiðslur fara stíglækkandi á að hámarki fjögurra ára tímabili. Þetta tímabil skal hefjast á þeim degi sem afmörkuninni, í samræmi við 3. mgr. 32. gr., er lokið og í síðasta lagi á árinu 2019. Þessar greiðslur skulu hefjast við að hámarki 80% af meðalgreiðslunni sem er fastsett í áætluninni fyrir áætlunartímabilið 2007–2013, í samræmi við ii. lið a-liðar 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005, og skal ljúka við að hámarki 20% á árinu 2020. Þegar beiting stigminkunar leiðir til þess að greiðslan verður 25 evrur getur aðildarríkið haldið áfram að greiða þá upphæð þar til tímabilið til að hætta því í áföngum er liðið.“

14) Í stað 1. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Greiðslur vegna velferðar dýra samkvæmt þessar ráðstöfun skulu veittar til bænda sem taka að sér, að eigin frumkvæði, að framkvæma aðgerðir sem samanstanda af einni eða fleiri skuldbindingum vegna velferðar dýra í skilningi 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki.“

15) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) tekjustöðugleikaúrræðis, í formi fjárframlaga í gagnkvæma tryggingasjóði, sem greiðir bætur til bænda í öllum geirum ef tekjur þeirra minnka mikið.“

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„d) geirabundins tekjustöðugleikaúrræðis, í formi fjárframlaga í gagnkvæma tryggingasjóði, sem greiðir bætur til bænda í tilteknum geira ef tekjur þeirra minnka mikið.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er þessa grein varðar skal „bóndi“ vera virkur bóndi í skilningi 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, eftir því sem við á í hlutaðeigandi aðildarríki.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar b-, c- og d-lið 1. mgr. er „gagnkvæmur tryggingasjóður“: kerfi sem aðildarríkið hefur viðurkennt í samræmi við landslög, sem veitir bændum, sem eiga aðild að því, kost á að tryggja sig og sem greiddar eru úr bætur til bænda, sem eiga aðild að því, sem verða fyrir efnahagslegu tapi sem orsakast af uppkomu óhagstæðra veðuratburða eða dýra- eða plöntusjúkdóms eða meindýrasmits eða af umhverfisatviki eða ef tekjur þeirra minnka mikið.“

d) Önnur undirgrein 5. mgr. fellur brott.

16) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 37. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stuðningur skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. skal einungis veittur vegna váttryggingarsamninga sem taka til taps sem orsakast af óhagstæðum veðuratburði eða af dýra- eða plöntusjúkdómi eða af meindýrasmiti eða af umhverfisatviki eða ráðstöfunar sem er samþykkt í samræmi við tilskipun 2000/29/EB til að útrýma eða stöðva útbreiðslu tiltekins plöntusjúkdóms eða meindýrs sem hefur eyðilaggt meira en 20% af árlegri meðalframléiðslu bóndans á næstliðnu þriggja ára tímabili eða þriggja ára meðaltali sem byggist á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæsta og lágsta gildinu fráöldu. Nota má vísitölur til að reikna út árlega framléiðslu bóndans. Reikniaðferðin sem er notuð skal gera það kleift að ákvarða raunverulegt tap einstakra bænda á tilteknu ári.“

17) Ákvæðum 38. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„3. Fjárframlögin sem um getur í b-lið 1. mgr. 36. gr. mega einungis tengjast:

a) stjórnsýslukostnaði við að koma á fót gagnkvæma tryggingasjóðnum, dreift yfir þriggja ára tímabil hið mesta á stíglækkandi hátt,

b) fjárhæðum sem eru greiddar úr gagnkvæma tryggingasjóðnum sem fébætur til bænda. Að auki getur fjárframlagið tengst vöxtum á lánum með almennum lánaskilmálum sem gagnkvæmi tryggingasjóðurinn tekur í þeim tilgangi að greiða fébætur til bænda ef um krísu er að ræða,

c) viðbótum við árlegu greiðslurnar í sjóðinn,

d) stofnfé gagnkvæma tryggingasjóðsins.“

ii. Þriðja undirgrein fellur brott.

b) Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Stuðningur skal takmarkaður við það hámarksstuðningshlutfall sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Stuðningur skv. b-lið 3. mgr. skal veittur með tilliti til annars stuðnings sem þegar kann að vera veittur skv. c- og d-lið 3. mgr.“

18) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„39. gr.

Tekjustöðugleikaúrræði fyrir bændur í öllum geirum“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stuðningur skv. c-lið 1. mgr. 36. gr. skal einungis veittur þegar tekjulækkun er meiri en 30% af meðalárstekjum einstakra bænda á næstliðnu þriggja ára tímabili eða þriggja ára meðaltali sem byggist á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæsta og lægsta gildinu frátöldu. Tekjur, að því er varðar c-lið 1. mgr. 36. gr., skulu vísa til samtölu tekna sem bóndinn fær frá markaðnum, þ.m.t. allur opinber stuðningur, að frádrögnum aðfangakostnaði. Greiðslur til bænda úr gagnkvæma tryggingasjóðnum skulu bæta upp innan við 70% af tekjutapinu á því ári sem framleiðandinn öðlast hæfi til að fá þessa aðstoð. Nota má vísitölur til að reikna út árlegt tekjutap bóndans.“

c) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Fjárframlöggin sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. mega einungis tengjast:

- a) stjórnslukostnaði við að koma á fót gagnkvæma tryggingasjóðnum, dreift yfir þriggja ára tímabil hið mesta á stíglækkandi hátt,
- b) fjárhæðum sem eru greiddar úr gagnkvæma tryggingasjóðnum sem fébætur til bænda. Að auki getur fjárframlagið tengst vöxtum á lánum með almennum lánaskilmálum sem gagnkvæmi tryggingasjóðurinn tekur í þeim tilgangi að greiða fébætur til bænda ef um krísu er að ræða,
- c) viðbótum við árlegu greiðslurnar í sjóðinn,
- d) stofnfé gagnkvæma tryggingasjóðsins.

5. Stuðningur skal takmarkaður við það hámarkshlutfall sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Stuðningur skv. b-lið 4. mgr. skal veittur með tilliti til annars stuðnings sem þegar kann að vera veittur skv. c- og d-lið 4. mgr.“

19) Eftirfarandi grein er bætt við:

„39. gr a

Tekjustöðugleikaúrræði fyrir bændur í tilteknum geira

1. Stuðningur skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal einungis veittur í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og þegar tekjulækkunin fer niður fyrir viðmiðunarmörk sem nema a.m.k. 20% af meðalárstekjum einstakra bænda á næstliðnu þriggja ára tímabili eða þriggja ára meðaltali sem byggist á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæsta og lægsta gildinu frátöldu. Nota má vísitölur til að reikna út árlegt tekjutap bóndans. Tekjur, að því er varðar d-lið 1. mgr. 36. gr., skulu vísa til samtölu tekna sem bóndinn fær frá markaðnum, þ.m.t. allur opinber stuðningur, að frádrögnum aðfangakostnaði. Greiðslur til bænda úr gagnkvæma tryggingasjóðnum skulu bæta upp innan við 70% af tekjutapinu á því ári sem framleiðandinn öðlast hæfi til að fá þessa aðstoð.

2. Ákvæði 2. til 5. mgr. 39. gr. gilda að því er varðar stuðning skv. d-lið 1. mgr. 36. gr.“

20) Ákvæðum 45. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ef stuðningur er veittur með fjármögnunarleið sem var komið á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 getur rekstrarfé talist vera aðstoðarhæfur kostnaður. Slíkur aðstoðarhæfur kostnaður skal ekki vera hærri en 200 000 evrur eða 30% af heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við fjárfestinguna, hvort sem er herra.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„7. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar stuðningur er veittur í formi fjármögnunarleiða.“

21) Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er stjórnunaryfirvaldinu heimilt, í sérstökum og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þar sem ekki er mögulegt að fastsetja valviðmiðanir vegna eðlis viðkomandi tegunda rekstrar, að skilgreina aðra valaðferð sem skal lýst í dreifbýlisþróunaráætluninni að loknu samráði við eftirlitsnefndina.“

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Yfirvald aðildarríkisins sem ber ábyrgð á að velja rekstur skal tryggja að reksturinn, að undanteknum rekstri skv. 18. gr. (b-lið 1. mgr.), 24. gr. (d-lið 1. mgr.) og 28. til 31. gr., 33. til 34. gr. og 36 gr. til 39. gr. a, sé valinn í samræmi við valviðmiðanirnar sem um getur í 1. mgr. og samkvæmt gagnsærri og vel skjalfestri málsmeðferð.

3. Aðstoðarþega má velja á grundvelli auglýsinga eftir tillögum og með því að nota efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar viðmiðanir um nýtni.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar stuðningur er veittur í formi fjármögnunarleiða.“

22) Ákvæðum 4. mgr. 59. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) 100% fyrir fjárhæð sem nemur 100 milljónum evra, á verðlagi ársins 2011, sem er úthlutað til Írlands, fyrir fjárhæð sem nemur 500 milljónum evra, á verðlagi ársins 2011, sem er úthlutað til Portúgals, og fyrir fjárhæð sem nemur 7 milljón evrum, á verðlagi ársins 2011, sem er úthlutað til Kýpur,“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„h) hlutfall framlags, sem um getur í 13. mgr. 39. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1303/2013, fyrir fjármögnunarleiðina sem um getur í c-lið 1. mgr. 38. gr. þeirrar reglugerðar.“

23) Ákvæðum 60. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 9. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 er heimilt, ef um er að ræða neyðarráðstafanir vegna náttúruhamfara, stórálfa eða óhagstæðra veðuratburða eða umtalsverðra og skyndilegra breytinga á félagslegum og hagrænum skilyrðum í aðildarríki eða á svæði, að kveða á um í dreifbýlisþróunaráætluninum að aðstoðarhæfi útgjalda sem varða breytingar á áætlunum geti hafist frá og með þeim degi þegar atburðurinn á sér stað.“

b) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að undanskildum almennum kostnaði, eins og hann er skilgreindur í c-lið 2. mgr. 45. gr., að því er varðar fjárfestingaraðgerðir samkvæmt ráðstöfunum sem falla innan gildissviðs 42. greinar sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu einungis útgjöld sem stofnað er til eftir að umsókn hefur verið lögð fyrir lögbært yfirvald teljast aðstoðarhæf. Þó er aðildarríkjum heimilt að kveða á um í áætlun sinni að útgjöld sem tengjast neyðarráðstöfunum vegna náttúruhamfara, stórálfa eða óhagstæðra veðuratburða eða umtalsverðra og skyndilegra breytinga á félagslegum og hagrænum skilyrðum í aðildarríkinu eða á svæðinu og sem aðstoðarþeginn stofnar til eftir að atburðurinn átti sér stað séu einnig aðstoðarhæf.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Greiðslur sem aðstoðarþegar hafa innt af hendi skulu studdar reikningum og gögnum sem staðfesta greiðslu. Þegar því verður ekki komið við skulu greiðslur studdar gögnum sem hafa samsvarandi sönnunargildi, að undanskildum þeim formum stuðnings sem um getur í 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013, öðrum en þeim sem um getur í a-lið hennar.“

24) Í stað 2. mgr. 62. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef aðstoð er veitt á grundvelli staðalkostnaðar eða viðbótarkostnaðar og tekjutaps, í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 21. gr. að því er varðar tekjutap og viðhaldskostnað og við 28. til 31. gr., 33. og 34. gr., skulu aðildarríki tryggja að viðeigandi útreikningar séu fullnægjandi og nákvæmir og fastsettir fyrir fram á grundvelli réttlátrar, sanngjarnrar og sannprófanlegrar reikniaðferðar. Í þessu skyni skal stofnun, sem er rekstrarlega óháð yfirvöldunum sem bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og býr yfir viðeigandi sérþekkingu, framkvæma útreikningana eða staðfesta að útreikningarnir séu fullnægjandi og nákvæmir. Yfirlýsing til staðfestingar á að útreikningarnir séu fullnægjandi og nákvæmir skal koma fram í dreifbýlisþróunaráætluninni.“

25) Í 1. mgr. 66. gr. fellur b-liður brott.

26) Í stað a-liðar 74. gr. kemur eftirfarandi:

„a) vera til samráðs og skal veita álit, áður en viðkomandi auglýsing eftir tillögum er birt, um valviðmiðanir fyrir fjármagnaðar aðgerðir sem skulu endurskoðaðar í samræmi við þarfirnar í hverri áætlun,“.

27) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1306/2013

Reglugerð (ESB) nr. 1306/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 26. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. falla brott,

b) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30 júní á því almanaksári sem breytingarhlutfallið gildir um, samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða breytingarhlutfallið. Slíkar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 116. gr.

4. Fram til 1. desember á því almanaksári sem breytingarhlutfallið gildir um getur framkvæmdastjórnin, á grundvelli nýrra upplýsinga, samþykkt framkvæmdargerðir til að ákveða breytingarhlutfallið sem er fastsett í samræmi við 3. mgr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 116. gr.“

2) Í stað 3. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Komi til málareksturs eða málskots til æðra stjórnarsýslustigs, sem hefur áhrif til frestunar, skal sá frestur til sjálfkrafa niðurfellingar skuldbindingar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., teljast rofinn með hliðsjón af þeirri fjárhæð sem varðar viðkomandi aðgerðir meðan á málarekstri eða málskoti til æðra stjórnarsýslustigs stendur, að því tilskildu að framkvæmdastjórninni berist rökstudd tilkynning frá aðildarríkinu eigi síðar en 31. janúar á ári N + 4.“

3) Í stað a-liðar 1. mgr. 43. gr. kemur eftirfarandi:

„a) upphæðir sem skv. 40., 52. og 54. gr. og, að því er varðar útgjöld innan ramma Ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar, skv. 2. mgr. 41. gr. og 51. gr. verður að greiða til fjárlaga Sambandsins, þ.m.t. vextir,“.

4) Í stað ii. liðar a-liðar 3. mgr. 54. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. fjárhæðin sem á að endurheimta frá aðstoðarþega í tengslum við staka greiðslu til aðstoðarkerfis eða stuðningsráðstöfunar, að frátöldum vöxtum, er á bilinu 100 til 250 evrur og hlutaðeigandi aðildarríki beitir, samkvæmt landslögum sínum, viðmiðunarmörkum um að ganga ekki í endurheimt á landsbundnum skuldum sem eru lægri en eða sama fjárhæð og sú sem á að endurheimta.“

5) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr. 63. gr.:

„Ef brot á reglum varða landsbundnar reglur eða reglur Sambandsins um opinber innkaup skal ákvarða þann hluta aðstoðarinnar sem ekki skal greiða út eða sem skal draga til baka á grundvelli alvarleika brotsins og í samræmi við meðalhófsregluna. Þetta skal einungis hafa áhrif á lögmati viðskiptanna og samræmi við reglur að því er varðar þann hluta aðstoðarinnar sem ekki skal greiða út eða sem skal draga til baka.“

6) Í stað 2. mgr. 72. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjum heimilt að ákveða að:

- a) ekki þurfi að tilgreina landbúnaðarspildur með flatarmál sem nemur allt að 0,1 hektara sem ekki hefur verið sótt um greiðslu fyrir, að því tilskildu að slíkar spildur séu samanlagt ekki stærra en 1 hektari og/eða þau geta ákveðið að bóndi sem ekki sækir um neinar svæðistengdar beingreiðslur þurfi ekki að tilgreina landbúnaðarspildur sínar í tilvikum þar sem heildarsvæðið er ekki stærra en 1 hektari. Í öllum tilvikum skal bóndinn taka fram í umsókn sinni að hann sé með landbúnaðarspildur til ráðstöfunar og hann skal tilgreina staðsetningu þeirra ef lögbær yfirvöld óska eftir því,
- b) bændur sem taka þátt í kerfinu fyrir smábændur, eins og um getur í V. bálki reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013, þurfa ekki að tilgreina þær landbúnaðarspildur sem ekki er sótt um greiðslur fyrir nema slíkrar tilgreiningar sé krafist í tengslum við aðra aðstoð eða stuðning.“

7) Í stað þriðju og fjórðu undirgreinar 1. mgr. 75. gr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir fyrstu og aðra undirgrein þessarar málsgreinar er aðildarríkjum heimilt:

- a) að greiða, fyrir 1. desember en þó ekki fyrr en 16. október, fyrirframgreiðslur sem nema allt að 50% af beingreiðslum,
- b) að greiða, fyrir 1. desember, fyrirframgreiðslur sem nema allt að 75% af þeim stuðningi sem veittur er til dreifbýlisþróunar eins og um getur í 2. mgr. 67. gr.

Að því er varðar stuðning sem er veittur til dreifbýlisþróunar, eins og um getur í 2. mgr. 67. gr., skulu fyrsta og önnur undirgreinar þessarar málsgreinar gilda að því er varðar umsóknir um aðstoð eða greiðslubeiðnir sem eru lagðar fram frá og með umsóknarárinu 2019.“

3. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1307/2013

Reglugerð (ESB) nr. 1307/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) „fastagraslendi og fastabithagi“ (sameiginlega nefnt „fastagraslendi“: land sem er notað til að láta grastegundir eða aðrar jurtkenndar fóðurjurtir vaxa á náttúrulegan hátt (sjálfsáning) eða til að rækta þær (sáning) og sem hefur ekki verið hluti af skiptiræktun á búinu í fimm ár eða lengur og einnig, þegar aðildarríkin ákveða svo, sem hefur ekki verið plægt í fimm ár eða lengur; þar mega finnast aðrar tegundir, s.s. runnar og/eða tré sem hægt er að nýta til beitar og, þegar aðildarríkin ákveða svo, aðrar tegundir, s.s. runnar og/eða tré sem gefa af sér fóður, að því tilskildu að grastegundirnar og aðrar jurtkenndar fóðurjurtir séu ríkjandi. Aðildarríki geta einnig ákveðið að líta á eftirfarandi sem fastagraslendi:

- i. land sem hægt er að nýta til beitar og er hluti af föstum staðbundnum venjum þar sem ekki er hefð fyrir að grastegundir og aðrar jurtkenndar fóðurjurtir séu ríkjandi á beitalandi og/eða
- ii. land sem hægt er að nýta til beitar þar sem grastegundir og aðrar jurtkenndar fóðurjurtir eru ekki ríkjandi eða eru ekki til staðar á beitalandi.“

ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Þrátt fyrir f- og h-lið fyrstu undirgreinar geta aðildarríki, sem viðurkenndu spildur hvíldarlands sem ræktanlegt land fyrir 1. janúar 2018, haldið áfram að viðurkenna þær sem slíkar eftir þann dag. Frá 1. janúar 2018 skulu spildur hvíldarlands, sem voru viðurkenndar sem ræktanlegt land samkvæmt þessari undirgrein á árinu 2018, verða fastagraslendi á árinu 2023 eða síðar ef skilyrðin sem sett eru fram í h-lið eru uppfyllt.“

b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 2. mgr.:

„Aðildarríki geta ákveðið að:

- a) land sem ekki hefur verið plægt í fimm ár eða lengur skuli teljast vera fastagraslendi, eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., að því tilskildu að landið sé notað til að láta grastegundir eða aðrar jurtkenndar fódurjurtir vaxa á náttúrulegan hátt (sjálfsáning) eða til að rækta þær (sáning) og að það hafi ekki verið hluti af skiptiræktun á búinu í fimm ár eða lengur,
- b) á fastagraslendi megi vaxa aðrar tegundir, s.s. runnar og/eða tré sem gefa af sér fóður, á svæðum þar sem grastegundir og aðrar jurtkenndar fódurjurtir eru ríkjandi og/eða
- c) land sem hægt er að nýta til beitar, þar sem grastegundir og aðrar jurtkenndar fódurjurtir eru ekki ríkjandi eða eru ekki til staðar á beitilandi, teljist til fastagraslendis eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Aðildarríki geta ákveðið, á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru án mismununar, að beita ákvörðun sinni í samræmi við b- og/eða c-lið þriðju undirgreinar þessarar málsgreinar um allt yfirráðasvæði sitt eða hluta þess.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt þriðju og fjórðu undirgrein þessarar málsgreinar eigi síðar en 31. mars 2018.“

2) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 6. gr.:

„Ef aðildarríki nýtir valkostinn sem kveðið er á um í annarri undirgrein 4. mgr. 36. gr. er heimilt að fara yfir landsbundnu efri mörkin, sem sett eru fram í II. viðauka fyrir það aðildarríki á viðkomandi ári, um sem nemur fjárhæðinni sem er reiknuð út í samræmi við þá undirgrein.“

3) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Til viðbótar við 1., 2. og 3. mgr. geta aðildarríki ákveðið að engar beingreiðslur verði veittar bændum sem eru ekki skráðir fyrir landbúnaðarstarfsemi sinni í landsbundinni skatta- eða almannatryggingaskrá.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ákvæði 2. og 3. mgr. og 3. mgr. a skulu ekki gilda um bændur sem fengu einungis beingreiðslur sem fóru ekki yfir tiltekna fjárhæð á næstliðnu ári. Aðildarríki skulu ákveða slíka fjárhæð á grundvelli hlutlægra viðmiðana, s.s. landsbundinna eða svæðisbundinna sérkenna sinna, og hún skal ekki vera hærri en 5000 evrur.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem um getur í 2., 3. eða 4. mgr. eigi síðar en 1. ágúst 2014, og um allar ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. a eigi síðar en 31. mars 2018. Ef um er að ræða breytingar á slíkum ákvörðunum skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þær innan tveggja vikna frá þeim degi sem ákvörðun um breytingu var tekin.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„7. Aðildarríki geta ákveðið, frá og með árinu 2018 eða frá og með hvaða ári sem er eftir það, að einstaklingar eða hópar einstaklinga sem falla undir gildissvið fyrstu og annarrar undirgreinar 2. mgr. geti einungis skírskotað til einnar eða tveggja af viðmiðununum sem taldar eru upp í þriðju undirgrein 2. mgr. til að sýna fram á að þeir séu virkir bændur. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka ákvörðun eigi síðar en 31. mars 2018 ef henni er beitt frá og með árinu 2018 eða, ef henni er beitt frá og með ári sem á eftir kemur, eigi síðar en 1. ágúst árið áður en henni er beitt.

8. Aðildarríkin geta ákveðið að hætta að beita 2. mgr. frá og með árinu 2018 eða frá og með hvaða ári sem er eftir það. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka ákvörðun eigi síðar en 31. mars 2018 ef henni er beitt frá og með árinu 2018 eða, ef henni er beitt frá og með ári sem á eftir kemur, eigi síðar en 1. ágúst árið áður en henni er beitt.“

4) Í stað 6. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkjum er heimilt að endurskoða árlega ákvarðanir sínar um að skerða greiðslur í samræmi við þessa grein, að því tilskildu að slík endurskoðun leiði ekki til þess að fjárhæðirnar, sem eru fánlegar til dreifbýlisþróunar, lækki.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ákvarðanir sem eru teknar í samræmi við þessa grein og um áætlaða afurð til skerðingar fyrir árin fram að árinu 2019, eigi síðar en 1. ágúst á árinu áður en slíkum ákvörðunum er beitt, og er síðasta hugsanleg dagsetning fyrir slíka tilkynningu 1. ágúst 2018.“

5) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Aðildarríki geta ákveðið að endurskoða þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein frá og með almanaksárinu 2019 og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem byggjast á slíkri endurskoðun fyrir 1. ágúst 2018. Ákvarðanir sem byggjast á slíkri endurskoðun skulu ekki leiða til lækkunar á hlutfallinu sem framkvæmdastjórninni var tilkynnt um í samræmi við fyrstu, aðra, þriðju og fjórðu undirgrein.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr.:

„Aðildarríki geta ákveðið að endurskoða þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein frá og með almanaksárinu 2019 og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem byggjast á slíkri endurskoðun fyrir 1. ágúst 2018. Ákvarðanir sem byggjast á slíkri endurskoðun skulu ekki leiða til lækkunar á hlutfallinu sem framkvæmdastjórninni var tilkynnt um í samræmi við fyrstu, aðra, þriðju og fjórðu undirgrein.“

6) Í stað g-liðar 1. mgr. 31. gr. kemur eftirfarandi:

„g) telji aðildarríkin það nauðsynlegt, línulegri skerðingu á verðgildi greiðsluréttinda innan grunnreiðsluáætlunarinnar á lands- eða svæðisbundnum vettvangi til að ná yfir tilvikin sem um getur í 6. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar. Aðildarríki sem nýta sér nú þegar þessa línulegu skerðingu geta þar að auki, á sama árinu, einnig beitt línulegri skerðingu á verðgildi greiðsluréttinda innan grunnreiðsluáætlunarinnar á lands- eða svæðisbundnum vettvangi til að ná yfir tilvikin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar.“

7) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 4. mgr. 36. gr.:

„Hækka má fjárhæðina, sem er reiknuð fyrir hvert aðildarríki í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, um að hámarki 3% af viðeigandi árlegum landsbundnum efri mörkum sem eru sett fram í II. viðauka eftir að fjárhæðin sem leiðir af beitingu 1. mgr. 47. gr. fyrir viðeigandi ár hefur verið dregin frá. Ef aðildarríki beitir slíkri hækkun skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirrar hækkunar þegar hún ákveður árlegu landsbundnu efri mörkin fyrir samræmda, svæðistengda greiðslukerfið samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í því skyni skulu aðildarríkin, eigi síðar en 31. janúar 2018, tilkynna framkvæmdastjórninni um þau árlegu hlutföll sem fjárhæðin sem er reiknuð skv. 1. mgr. þessarar greinar skal hækka um á hverju almanaksári frá árinu 2018.

Aðildarríki geta endurskoðað ákvörðun sína, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, á hverju ári og þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem byggjast á slíkri endurskoðun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en þeim er beitt.“

8) Ákvæðum 44. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um þann fjölda nytjaplöntutegunda sem krafist er skv. 1. mgr. skulu hæstu viðmiðunarmörkin sem þar eru sett fram ekki gilda um bú þar sem meira en 75% af ræktanlegu landi eru þakin grastegundum eða öðrum jurtkenndum fódurjurtum eða eru hvíldarland eða eru notuð til að rækta nytjaplöntur sem eru á kafi í vatni umtalsverðan hluta ársins eða umtalsverðan tíma ræktunarhringrásarinnar. Í slíkum tilvikum skal helsta nytjaplantan á því ræktanlega landi sem út af stendur ekki þekja meira en 75% af þessu ræktanlega landi sem út af stendur, nema ef þetta útafstandandi svæði er þakið grastegundum eða öðrum jurtkenndum fódurjurtum eða er hvíldarland.“

b) Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) þar sem meira en 75% af ræktanlegu landi er notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum, er notað til ræktunar á belgjurtum, er hvíldarland eða fellur undir samsetningu þessarar notkunar,

b) þar sem meira en 75% af aðstoðarhæfu landbúnaðarsvæði er fastagraslendi, er notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum eða til að rækta nytjaplöntur sem eru á kafi í vatni umtalsverðan hluta ársins eða umtalsverðan tíma ræktunarhringrásarinnar eða fellur undir samsetningu þessarar notkunar.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Vetramnytjaplöntur og vornytjaplöntur skulu teljast vera aðgreindar nytjaplöntur þó að þær tilheyri sömu ættkvísl. Spelt (*Triticum spelta*) skal teljast vera aðgreind nytjaplanta frá nytjaplöntum sem tilheyra sömu ættkvísl.“

9) Ákvæðum 46. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef ræktanlegt land bús nær yfir meira en 15 hektara skal bóndinn tryggja, frá og með 1. janúar 2015, að svæði sem samsvarar a.m.k. 5% af ræktanlegu landi búsins, sem bóndinn tilgreindi í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, og, ef aðildarríkið telur að það sé vistfræðilegt áherslusvæði í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. svæðin sem getið er í c-, d-, g-, h-, k- og l-lið þeirrar málsgreinar, sé vistfræðilegt áherslusvæði.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liðum er bætt við fyrstu undirgrein:

„k) svæði með *Miscanthus*,

l) svæði með bollafífla (*Silphium perfoliatum*),

m) hvíldarland með plöntum sem gefa af sér hunang (tegundir sem eru auðugar af frjókornum og hunangslegi).“

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Vistfræðilega áherslusvæðið skal vera staðsett á ræktanlegu landi búsins, að undanskildum þeim svæðum búsins sem um getur í g-, h-, k- og l-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Að því er varðar svæði sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar má vistfræðilega áherslusvæðið einnig liggja að því ræktanlega landi búsins sem bóndinn tilgreindi í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.“

c) Í stað a- og b-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) þar sem meira en 75% af ræktanlega landinu er notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum, er hvíldarland, er notað til að rækta belgjurtir eða fellur undir samsetningu þessarar notkunar,

b) þar sem meira en 75% af aðstoðarhæfu landbúnaðarsvæði er fastagraslendi, er notað til framleiðslu á grastegundum eða öðrum jurtkenndum fóðurjurtum eða til að rækta nytjaplöntur sem eru á kafi í vatni annaðhvort umtalsverðan hluta ársins eða umtalsverðan tíma ræktunarhringrásarinnar eða fellur undir samsetningu þessarar notkunar.“

10) Ákvæðum 50. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Greiðslan til ungra bænda skal veitt hverjum bónda í fimm ár og hefjast þegar umsókn um greiðslur til ungra bænda er fyrst lögð fram, að því tilskildu að sú framlagning eigi sér stað innan fimm ára frá því að búskapur hefst eins og um getur í a-lið 2. mgr. Þetta fimm ára tímabil skal einnig gilda um bændur sem hafa fengið greiðslur fyrir unga bændur að því er varðar umsóknir frá því fyrir umsóknarárið 2018.

Þrátt fyrir annan málslið fyrstu undirgreinar er aðildarríkjum heimilt að ákveða, að því er varðar þá ungu bændur sem hófu búskap í samræmi við a-lið 2. mgr. á tímabilinu 2010–2013, að stytta fimm ára tímabilið um þann árafjölda sem leið frá því að búskapur hófst, sem um getur í a-lið 2. mgr., og til fyrstu framlagningar umsóknarinnar um greiðslur til ungra bænda.“

- b) Í stað a- og b-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) á bilinu 25% til 50% af meðalverðgildi greiðsluréttinda bóndans vegna eigin jarðnáðis eða leigujarðnáðis eða
- b) á bilinu 25% til 50% af fjárhæð sem er reiknuð með því að deila í fjölda allra aðstoðarhæfra hektara, sem voru tilgreindir á árinu 2015 í samræmi við 1. mgr. 33. gr., með föstu hlutfalli landsbundnu efri markanna fyrir almanaksárið 2019 sem sett eru fram í II. viðauka. Þetta fasta hlutfall skal vera jafnt hlutdeildinni í landsbundnu efri mörkunum sem eftir er fyrir grunngreiðsluáætlunina í samræmi við 1. mgr. 22. gr. fyrir árið 2015.“
- c) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Aðildarríki sem beita 36. gr. skulu reikna fjárhæð greiðslunnar til ungra bænda á hverju ári með því að margfalda tölu sem samsvarar gildi á bilinu 25% til 50% af svæðistengdri samræmdri greiðslu, sem er reiknuð í samræmi við 36. gr., með fjölda aðstoðarhæfra hektara sem bóndinn hefur tilgreint í samræmi við 2. mgr. 36. gr.“
- d) Í stað fyrstu undirgreinar 8. mgr. kemur eftirfarandi:
- „8. Þrátt fyrir 6. og 7. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjum heimilt að reikna fjárhæð greiðslunnar til ungra bænda á hverju ári með því að margfalda tölu sem samsvarar gildi á bilinu 25% til 50% af landsbundinni meðalgreiðslu á hvern hektara með fjölda greiðsluréttinda sem bóndinn hefur virkjað, í samræmi við 1. mgr. 32. gr., eða með fjölda aðstoðarhæfra hektara sem bóndinn hefur tilgreint í samræmi við 2. mgr. 36. gr.“
- e) Í stað fyrstu undirgreinar 10. mgr. kemur eftirfarandi:
- „10. Í stað þess að beita ákvæðum 6. til 9. mgr. er aðildarríkjum heimilt að úthluta árlegri eingreiðslu á hvern bónda, sem er reiknuð með því að margfalda fastan fjölda hektara með tölu sem samsvarar gildi á bilinu 25% til 50% af landsbundinni meðalgreiðslu á hvern hektara, eins og fastsett er í samræmi við 8. mgr.“
- 11) Ákvæðum 52. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 5. mgr. falla brott,
- b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „6. Framleiðslutengdur stuðningur er framleiðslutakmarkandi kerfi sem skal vera í formi árlegrar greiðslu sem byggist á föstum svæðum og framleiðslu eða á föstum fjölda dýra og virða skal fjárhagsleg efri mörk sem aðildarríkin skulu ákvarða fyrir hverja ráðstöfun og tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.“
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „10. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 70. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðstoðarþegar valfrjáls framleiðslutengds stuðnings verði fyrir neikvæðum áhrifum af kerfislægum óstöðugleika á markaði innan geira. Með þessum framseldu gerðum má heimila aðildarríkjunum að ákveða að halda megi áfram að veita slíkan stuðning fram til ársins 2020 á grundvelli þeirra framleiðslueininga sem valfrjáls framleiðslutengdur stuðningur var veittur fyrir á liðnu viðmiðunar-tímabili.“
- 12) Í stað 6. mgr. 53. gr. kemur eftirfarandi:
- „6. Aðildarríkin geta, eigi síðar en 1. ágúst ár hvert, endurskoðað ákvörðun sína samkvæmt þessum kafla og ákveðið, frá og með næsta ári:
- a) að láta hlutfallið sem var fastsett skv. 1., 2. og 3. mgr. haldast óbreytt, hækka það eða lækka innan þeirra marka sem þar er mælt fyrir um, eftir atvikum, eða láta hlutfallið sem var fastsett skv. 4. mgr. haldast óbreytt eða lækka það,
- b) að breyta skilyrðunum fyrir veitingu aðstoðar,
- c) að hætta að veita stuðning samkvæmt þessum kafla.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ákvarðanir fyrir þann dag sem um getur í fyrstu undirgrein.“

13) Ákvæðum 70. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. gr., 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 20. gr. (6. mgr.), 35. gr., 36. gr. (6. mgr.), 39. gr. (3. mgr.), 43. gr. (12. mgr.), 44. gr. (5. mgr.), 45. gr. (5. og 6. mgr.), 46. gr. (9. mgr.), 50. gr. (11. mgr.), 52. gr. (9. og 10. mgr.), 57. gr. (3. mgr.), 58. gr. (5. mgr.), 59. gr. (3. mgr.), 64. gr. (5. mgr.), 67. gr. (1. og 2. mgr.) og 73. gr., í sjö ár frá og með 1. janúar 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sjö ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. gr., 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 20. gr. (6. mgr.), 35. gr., 36. gr. (6. mgr.), 39. gr. (3. mgr.), 43. gr. (12. mgr.), 44. gr. (5. mgr.), 45. gr. (5. og 6. mgr.), 46. gr. (9. mgr.), 50. gr. (11. mgr.), 52. gr. (9. og 10. mgr.), 57. gr. (3. mgr.), 58. gr. (5. mgr.), 59. gr. (3. mgr.), 64. gr. (5. mgr.), 67. gr. (1. og 2. mgr.) og 73. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. gr., 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 20. gr. (6. mgr.), 35. gr., 36. gr. (6. mgr.), 39. gr. (3. mgr.), 43. gr. (12. mgr.), 44. gr. (5. mgr.), 45. gr. (5. og 6. mgr.), 46. gr. (9. mgr.), 50. gr. (11. mgr.), 52. gr. (9. og 10. mgr.), 57. gr. (3. mgr.), 58. gr. (5. mgr.), 59. gr. (3. mgr.), 64. gr. (5. mgr.), 67. gr. (1. og 2. mgr.) og 73. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

14) Ákvæðum X. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1308/2013

Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 33. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) forvarnir gegn krísuástandi og krísustjórnun, þ.m.t. að láta öðrum samtökum framleiðenda, félögum samtaka framleiðenda, hópum framleiðenda eða einstökum framleiðendum í té markþjálfun,“.

b) Fyrstu undirgrein 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) kynningar og samskipta, þ.m.t. aðgerðir og starfsemi sem miða að því að fjölþætta og samþætta markaði með aldin og grænmeti, hvort sem er til forvarna eða meðan krísuástand stendur yfir,

d) stuðnings vegna umsýslukostnaðar við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða og fjárframlög til að endurnýja gagnkvæma tryggingasjóði í kjölfar bóta sem eru greiddar til framleiðenda, sem eru aðilar að þeim, ef tekjur þeirra minnka mikið vegna óhagstæðra markaðsskilyrða,“.

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) markþjálfunar fyrir önnur samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, hópa framleiðenda eða einstakra framleiðenda.“

c) Í stað annarrar og þriðju undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðgerðir í umhverfismálum skulu uppfylla þær kröfur um greiðslur vegna umhverfis- og loftslagsvæns landbúnaðar eða lífræns búskapar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr. og 2. og 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.

Þegar minnst 80% framleiðenda sem eru aðilar að tilteknum samtökum framleiðenda eru bundnir af einni eða fleiri nákvæmlega eins skuldbindingum um umhverfis- og loftslagsvænan landbúnað eða lífrænan búskap, sem kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr. og 2. og 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, skal hver þessara skuldbindinga teljast vera aðgerð í umhverfismálum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.“

2) Í stað 4. mgr. 34. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Auka skal 50% mörkin, sem kveðið er á um í 1. mgr., í 100% ef um er að ræða:

a) að aldin og grænmeti sé tekið af markaði, sem nemur ekki meira en 5% af magni framleiðslu hverra samtaka framleiðenda, sem sett er á markað, og sem er ráðstafað með:

i. ókeypis dreifingu til góðgerðarsamtaka og -stofnana sem aðildarríkin hafa veitt viðurkenningu til slíkrar starfsemi, til notkunar í starfsemi þeirra til að aðstoða einstaklinga sem hafa rétt til opinberrar aðstoðar sem er viðurkenndur í landslögum, einkum af því að þeir geta ekki séð fyrir sér,

ii. ókeypis dreifingu til fangelsa, skóla og opinberra menntastofnana, stofnana sem um getur í 22. gr. og til sumarbúða fyrir börn, sem og sjúkrahúsa og elliheimila sem aðildarríkin tilgreina, sem skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að það magn sem er dreift á þennan hátt sé til viðbótar við það magn sem venjulega er keypt inn af slíkum stofnunum,

b) aðgerðir sem tengjast markþjálfun annarra samtaka framleiðenda eða hópa samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd í samræmi við 125. gr. e í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 eða 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, að því tilskildu að þessi samtök eða þessir hópar séu frá svæðum aðildarríkja sem um getur í 1. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar eða einstakir framleiðendur.“

3) Í stað 35. gr. kemur eftirfarandi:

„35. gr.

Landsbundin fjárhagsaðstoð

1. Á svæðum innan aðildarríkja þar sem skipulagsstig framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum er umtalsvert lægra en meðaltalið í Sambandinu er aðildarríkjum heimilt að veita samtökum framleiðenda landsbundna fjárhagsaðstoð sem nemur að hámarki 80% af þeim fjárfraðlögum sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. og allt að 10% af verðmæti þeirrar framleiðslu slíkra samtaka framleiðenda sem sett er á markað. Þessi aðstoð skal koma til viðbótar aðgerðasjóðnum.

2. Skipulagsstig framleiðenda á svæði aðildarríkis skal teljast vera umtalsvert lægra en meðaltalið í Sambandinu ef meðalskipulagsstigið hefur verið undir 20% í þrjú ár samfleytt áður en aðgerðaáætluninni var komið í framkvæmd. Skipulagsstigið skal reiknað sem verðmæti aldina- og grænmetisframleiðslu sem fékkst á viðkomandi svæði og samtök framleiðenda, hópar samtaka framleiðenda og hópar framleiðenda, sem eru viðurkennd í samræmi við 125. gr. e í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 eða 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, settu á markað, deilt með heildarverðmæti framleiðslu aldina- og grænmetisframleiðslu sem fékkst á viðkomandi svæði.

3. Aðildarríki sem veita landsbundna fjárhagsaðstoð í samræmi við 1. mgr. skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um svæðin sem uppfylla þær viðmiðanir sem um getur í 2. mgr. og um landsbundna fjárhagsaðstoðina sem veitt var samtökum framleiðenda á þeim svæðum.“

4) Í stað ii. liðar d-liðar 37. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. skilyrði sem tengjast a-, b-, c- og i-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 33. gr.“

5) Í stað i-liðar fyrstu málsgreinar 38. gr. kemur eftirfarandi:

„i) ráðstafanir vegna kynninga, samskipta, markþjálfunar og menntunar í tengslum við forvarnir gegn krísuástandi og vegna krísustjórnunar.“

6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 62. gr.:

„5. Aðildarríki geta beitt ákvæðum þessa kafla um svæði þar sem framleitt er vín sem hentar til framleiðslu á brenndum vínnum með landfræðilega merkingu eins og er skráð í samræmi við III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 (*). Að því er varðar þennan kafla er heimilt að meðhöndla þessi svæði sem svæði þar sem framleiða má vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).“

7) Ákvæðum 64. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við í annarri undirgrein 1. mgr.:

„ca) umsækjandinn er ekki með vínvið sem var plantað án þess að leyfi væri fyrir hendi, eins og um getur í 71. gr. þessarar reglugerðar, eða án réttinda til plöntunar, eins og um getur í 85. gr. a og 85. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.“

b) Í stað inngangshlutans í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef heildarsvæðið sem aðstoðarhæfar umsóknir, sem um getur í 1. mgr., ná til á tilteknu ári er stærra en það svæði sem aðildarríkið býður upp á skal veita leyfi með hlutfallslegri dreifingu á alla umsækjendur miðað við hektarafjölda, á grundvelli þess svæðis sem þeir hafa óskað eftir leyfi fyrir. Í tengslum við slíka veitingu er heimilt að fastsetja lágmarks- og/eða hámarkssvæði eftir umsækjendum og veitingin má einnig fara fram að hluta til eða að öllu leyti samkvæmt einni eða fleiri af eftirfarandi forgangsviðmiðunum, sem eru hlutlægar og án mismununar.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Ef aðildarríki ákveður að beita einni eða fleiri af þeim viðmiðunum sem um getur í 2. mgr. getur það aðildarríki bætt því viðbótarskilyrði við að umsækjandinn skuli vera einstaklingur sem er ekki eldri en 40 ára á árinu þegar umsóknin er lögð fram.“

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu gera opinberar þær viðmiðanir, sem um getur í 1. og 2. mgr. og 2. mgr. a, sem þau beita og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.“

8) Ákvæðum 148. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Ef aðildarríki nýta sér ekki möguleikana sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar getur framleiðandi, samtök framleiðenda eða hópur samtaka framleiðenda krafist þess að öll afhending á hrámjólk til aðila sem vinnur hrámjólk verði háð skriflegum samningi milli aðilanna og/eða háð skriflegu tilboði um samning frá fyrstu kaupendum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. þessarar greinar.

Ef fyrsti kaupandi er örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB er samningurinn og/eða tilboðið um samning ekki skyldubundið, með fyrirvara um möguleika aðilanna á að nýta staðlaðan samning sem fjölgreinasamtök semja.“

b) Í stað inngangshlutans í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Samningurinn og/eða tilboðið um samning sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a skal.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a skal ekki gerð krafa um samning og/eða tilboð um samning þegar meðlimur samvinnufélags afhendir hrámjólk til samvinnufélagsins sem hann er aðili að, ef samþykktir þess samvinnufélags eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, innihalda ákvæði sem hafa svipuð áhrif og ákvæðin sem sett eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr.“

d) Í stað inngangshlutans og a-liðar annarrar undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal eitt eða fleira af eftirfarandi gilda:

- a) ef aðildarríki ákveður að gera skriflegan samning um afhendingu hrámjólkur skyldubundinn í samræmi við 1. mgr. getur það fastsett:
 - i. skuldbindingu um að aðilarnir komi sér saman um tengsl milli tiltekins magns sem er afhent og verðsins sem greiða skal fyrir þá afhendingu,
 - ii. lágmarksgildistíma sem einungis nær til skriflegra samninga milli bóndans og fyrsta kaupanda hrámjólkurinnar og skal slíkur lágmarksgildistími vera minnst sex mánuðir og ekki skerða eðlilega starfsemi innri markaðarins.“

9) Í stað 1. mgr. 149. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Samtök framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 161. gr. mega gera, fyrir hönd þeirra bænda sem eru aðilar að þeim, samninga, að því er varðar alla sameiginlega framleiðslu þeirra eða hluta hennar, um afhendingu á hrámjólk frá bónda til vinnsluaðila hrámjólkur eða til söfnunaraðila í skilningi þriðju undirgreinar 1. mgr. 148. gr.“

10) Ákvæðum 152. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) eru stofnuð að frumkvæði framleiðendanna og stunda a.m.k. eina af eftirfarandi starfsemi:

- i. sameiginlega vinnslu,
- ii. sameiginlega dreifingu, þ.m.t. sameiginlegir söluvettvangar eða sameiginlegir flutningar,
- iii. sameiginlega pökkun, merkingu eða kynningu,
- iv. sameiginlega skipulagningu gæðaeftirlits,
- v. sameiginlega nýtingu búnaðar eða geymsluáðstöðu,
- vi. sameiginlega stjórnun úrgangs sem hefur bein tengsl við framleiðsluna,
- vii. sameiginlega öflun aðfanga,
- viii. alla aðra sameiginlega þjónustustarfsemi til að ná einu af þeim markmiðum sem talin eru upp í c-lið þessarar málsgreinar.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geta samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. þessarar greinar, gert áætlanir um framleiðslu, hagrætt framleiðslukostnaði, sett á markað og gert samninga um framboð á landbúnaðarafurðum fyrir hönd aðila sinna að því er varðar alla samanlagða framleiðslu þeirra eða hluta af henni.

Starfsemin sem um getur í fyrstu undirgrein getur farið fram:

- a) að því tilskildu að ein eða fleiri af þeirri tegund starfsemi sem um getur í i. til vii. lið b-liðar 1. mgr. fari raunverulega fram og stuðli þannig að því að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
- b) að því tilskildu að samtök framleiðenda þétti framboð og setji afurðir aðila sinna á markað, hvort sem um er að ræða yfirfærslu eignarréttar á landbúnaðarafurðum frá framleiðendum til samtaka framleiðenda eða ekki,
- c) hvort sem umsamið verð er það sama og fyrir samanlagða framleiðslu sumra eða allra aðilanna, eða ekki,
- d) að því tilskildu að umræddir framleiðendur séu ekki aðilar að neinum öðrum samtökum framleiðenda að því er varðar afurðirnar sem falla undir starfseminna sem um getur í fyrstu undirgrein,
- e) að því tilskildu að umrædd landbúnaðarafurð falli ekki undir skuldbindingu um afhendingu sem stafar af aðild bóndans að samvinnufélagi sem er ekki aðili að hlutaðeigandi samtökum framleiðenda, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykktum samvinnufélagsins eða reglur og ákvarðanir sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim.

Aðildarríkjum er hins vegar heimilt að víkja frá skilyrðinu sem sett er fram í d-lið annarrar undirgreinar í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þegar aðilar sem eru framleiðendur ráða yfir tveimur aðskildum framleiðslueiningum sem eru staðsettar á mismunandi landsvæðum.

1b. Að því er varðar þessa grein ná vísanir til samtaka framleiðenda einnig til félaga samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 156. gr ef slík félög uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.

1c. Samkeppnisyfirvald aðildarríkis sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 getur ákveðið, í einstökum tilvikum, að í framtíðinni skuli einni eða fleiri af þeirri tegund starfsemi sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. a breytt, henni hætt eða að hún eigi alls ekki að eiga sér stað ef það telur að slíkt sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að samkeppni sé útilokuð eða ef það telur að markmiðunum, sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sé stofnað í hættu.

Að því er varðar samningaviðræður sem ná til fleiri en eins aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr.

Þegar samkeppnisyfirvald aðildarríkis aðhefst samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samkeppnisyfirvaldið tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um það áður en eða án tafar eftir að það hrindir af stað fyrstu formlegu ráðstöfun rannsóknarinnar og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um ákvarðanirnar án tafar eftir að þær eru samþykktar.

Þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki taka gildi fyrir en viðkomandi fyrirtækjum hefur verið tilkynnt um þær.“

c) Ákvæði 3. mgr. falla brott,

11) Ákvæðum 154. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Aðildarríkjum er heimilt, sé þess óskað, að ákveða að veita samtökum framleiðenda sem starfa innan nokkurra geira, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr., fleiri en eina viðurkenningu, að því tilskildu að samtök framleiðenda uppfylli skilyrðin sem um getur í 1 mgr. þessarar greinar fyrir hvern þann geira sem þau óska eftir viðurkenningu fyrir.“

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki geta ákveðið að samtök framleiðenda sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 1. janúar 2018 og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar skuli teljast njóta viðurkenningar sem samtök framleiðenda skv. 152. gr.

3. Ef samtök framleiðenda voru viðurkennd fyrir 1. janúar 2018 en uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríki afturkalla viðurkenningu sína eigi síðar en 31. desember 2020.“

12) Ákvæðum 157. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum er bætt við í c-lið 1. mgr.:

„xv. að setja stöðluð ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu í skilningi 172. gr. a, þ.m.t. markaðstengdur ágóði og tap, sem ákvarða hvernig sérhverri þróun viðeigandi markaðsverðs viðkomandi afurða eða annarra vörumarkaða skuli deilt á milli þeirra,

xvi. að gera framkvæmdarráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna heilbrigði dýra, plöntuvernd og umhverfisáhættum.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Aðildarríkjum er heimilt, sé þess óskað, að ákveða að veita fjölgreinasamtökum sem starfa innan nokkurra geira, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr., fleiri en eina viðurkenningu, að því tilskildu að fjölgreinasamtökin uppfylli skilyrðin sem um getur í 1 mgr. og, eftir atvikum, 3. mgr. fyrir hvern þann geira sem þau óska eftir viðurkenningu fyrir.“

c) Eftirfarandi liðum er bætt við í c-lið 3. mgr.:

- xii. að setja stöðluð ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu í skilningi 172. gr. a, þ.m.t. markaðstengdur ágóði og tap, sem ákvarða hvernig sérhverri þróun viðeigandi markaðsverðs viðkomandi afurða eða annarra vörumarkaða skuli deilt á milli þeirra,
- xiii. að gera framkvæmdarráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna heilbrigði dýra, plöntuvernd og umhverfisáhættum.“

13) Í stað fyrirsagnarinnar í 159. gr. kemur eftirfarandi:

„Lögboðin viðurkenning“

14) Ákvæðum 161. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans og a-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, viðurkenna alla lögaðila eða skýrt skilgreinda hluta lögaðila sem samtök framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum því tilskildu að:

- a) framleiðendur í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum hafi stofnað þá, þeir eru stofnaðir að frumkvæði þeirra og stefna að tilteknu takmarki sem getur tekið til eins eða fleiri af eftirfarandi markmiðum:
 - i. að tryggja að framleiðslan sé skipulögð og löguð að eftirspurn, einkum að því er varðar gæði og magn,
 - ii. að efla framboð og setningu afurðanna, sem aðilar þeirra framleiða, á markað,
 - iii. að hagræða framleiðslukostnaði og halda verði framleiðenda stöðugu.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta ákveðið að samtök framleiðenda sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 2. apríl 2012 á grundvelli landslaga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. teljist njóta viðurkenningar sem samtök framleiðenda.“

15) Ákvæðum 168. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Ef aðildarríki nýta sér ekki möguleikana sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar getur framleiðandi, samtök framleiðenda eða hópur samtaka framleiðenda, að því er varðar landbúnaðarafurðir í geira sem um getur í 2. mgr. 1. gr., öðrum en geirum mjólkur, mjólkurafurða og sykurs, krafist þess að öll afhending afurða þeirra til vinnsluáðila eða dreifingaraðila verði háð skriflegum samningi milli aðilanna og/eða háð skriflegu tilboði um samning frá fyrstu kaupendum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. og í fyrstu undirgrein 6. mgr. þessarar greinar.

Ef fyrsti kaupandi er örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB er samningurinn og/eða tilboðið um samning ekki skyldubundið, með fyrirvara um möguleika aðilanna á að nýta staðlaðan samning sem fjölgreinasamtök semja.“

b) Í stað inngangshlutans í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Allir samningar eða tilboð um samning sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a skulu:“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a skal ekki gerð krafa um samning eða tilboð um samning þegar meðlimur samvinnufélags afhendir viðkomandi afurðir til samvinnufélagsins sem hann er aðili að, ef samþykktir þess samvinnufélags eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, innihalda ákvæði sem hafa svipuð áhrif og ákvæðin sem sett eru fram í a-, b- og c-lið 4. mgr.“

- 16) Ákvæði 169., 170. og 171. gr. falla brott.
- 17) Eftirfarandi þætti er skotið inn:

„5. þáttur a

Ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu

172. gr. a

Sameiginleg verðmætaskipting

Með fyrirvara um sértæk ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu í sykurgeiranum geta bændur, þ.m.t. samtök bænda, og fyrstu kaupendur þeirra komið sér saman um ákvæði um sameiginlega verðmætaskiptingu, þ.m.t. markaðstengdur ágóði og tap, sem ákvarða hvernig sérhverri þróun viðeigandi markaðsverðs viðkomandi afurða eða annarra vörumarkaða skuli deilt á milli þeirra.“

- 18) Í stað 1. mgr. 184. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Tollkvótar vegna innflutnings landbúnaðarafurða, sem á að setja í frjálsa dreifingu í Sambandinu eða hluta þess, eða tollkvótar vegna innflutnings landbúnaðarafurða, sem eru upprunnar í Sambandinu, til þriðju landa, sem Sambandið á að stýra, að öllu leyti eða hluta til, og leiðir af alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins eða aðra gerð sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. eða 207. gr. sáttmálans, skulu teknir í notkun og/eða stýrt af framkvæmdastjórninni með framseldum gerðum skv. 186. gr. þessarar reglugerðar og framkvæmdargerðum skv. 187. gr. þessarar reglugerðar.“

- 19) Í stað 188. gr. kemur eftirfarandi:

„188. gr.

Ferli við úthlutun tollkvóta

1. Framkvæmdastjórnin skal gera niðurstöðurnar úr úthlutuninni á tollkvótunum vegna tilkynnta umsókna opinberar með viðeigandi birtingu á netinu, að teknu tilliti til þeirra tollkvóta sem standa til boða og umsókna sem tilkynnt er um.
2. Í birtingunni sem um getur í 1. mgr. skal einnig, ef við á, vísa til nauðsynjar þess að hafna umsóknum sem bíða samþykkis, stöðva tímabundið framlagningu umsókna eða úthluta ónotuðu magni.
3. Aðildarríki skulu gefa út innflutningsleyfi og útflutningsleyfi fyrir því magni sem sótt er um innan tollkvóta á innflutningi og tollkvóta á útflutningi með fyrirvara um viðeigandi úthlutunarreiknistuðla og eftir að framkvæmdastjórnin birtir þá opinberlega í samræmi við 1. mgr.“

- 20) Ákvæðum 209. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir bænda, bændasamtaka eða samtaka slíkra samtaka, eða samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. eða 161. gr. þessarar reglugerðar, eða félaga samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 156. gr. þessarar reglugerðar, sem varða framleiðslu eða sölu á landbúnaðarafurðum eða notkun sameiginlegrar aðstöðu til geymslu, meðhöndlunar eða vinnslu á landbúnaðarafurðum, nema þegar það stofnar markmiðum 39. gr. sáttmálans í hættu.“

- b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við á eftir fyrstu undirgrein 2. mgr.:

„Hins vegar geta bændur, bændasamtök eða samtök slíkra samtaka, eða samtök framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. eða 161. gr. þessarar reglugerðar, eða félög samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 156. gr. þessarar reglugerðar, óskað eftir álitum framkvæmdastjórnarinnar á því hvort þessir samningar, ákvarðanir og samstilltu aðgerðir samrýmist markmiðunum sem sett eru fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal umsvifalaust fjalla um beiðni um álit og skal senda umsækjandanum álit sitt innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullgildrar beiðni. Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, breytt innihaldi álits, einkum ef umsækjandinn hefur lagt fram rangar upplýsingar eða misnotað álitid.“

21) Ákvæðum 222. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Á tímabilum þegar mikill óstöðugleiki er á mörkuðum getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þess efnis að ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildi ekki um samninga og ákvarðanir bænda, bændasamtaka eða samtaka slíkra samtaka eða viðurkenndra samtaka framleiðenda, samtaka viðurkenndra samtaka framleiðenda og viðurkenndra fjölgreinasamtaka í neinum af þeim geirum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slíkir samningar og ákvarðanir grafi ekki undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins, hafi einungis það markmið að koma á stöðugleika í viðkomandi geira og falli undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka:“

b) Ákvæði 2. mgr. falla brott,

22) Í 232. gr. fellur 2. mgr. brott.

23) Ákvæðum VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 652/2014

Reglugerð (ESB) nr. 652/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr.:

„4. Ef um er að ræða samþykki fyrir aðgerðum til margra ára má skipta skuldbindingum samkvæmt fjárlögum niður í árlegar greiðslur. Ef skuldbindingum samkvæmt fjárlögum er skipt á þennan hátt skal framkvæmdastjórnin skuldbinda sig til árlegra greiðslna, að teknu tilliti til framvindu aðgerðanna, áætlaðra þarfa og fjármagns sem er til reiðu.“

2) Í 13. gr. fellur 5. mgr. brott.

3) Í 22. gr. fellur 5. mgr. brott.

4) Í 27. gr. fellur 5. mgr. brott.

6. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Þó gildir eftirfarandi:

a) ákvæði a- og b-liðar 11. liðar 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015,

b) ákvæði b-liðar 23. liðar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016 og

c) ákvæði 3. liðar 4. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. desember 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1305/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í línunni sem varðar 3. mgr. 17. gr., Efni: Fjárfestingar í efnislegum eignum, Landbúnaðargeiri, Hámarksfjárhæð í evrum eða hlutfall: 40%, fjórði dálkur, kemur eftirfarandi í stað innganghlutans og fyrsta undirliðar:

„Af fjárhæð aðstoðarhæfra fjárfestinga á öðrum svæðum

Hækka má framangreind hlutföll um 20 prósentustig til viðbótar að því tilskildu að mesti samanlagði stuðningur fari ekki yfir 90%, fyrir:

— Unga bændur í að hámarki fimm ár frá þeim degi er búskapur hefst, eins og sett er fram í dreifbýlisþróunaráætluninni, eða þar til aðgerðunum, sem eru skilgreindar í viðskiptaáætluninni sem um getur í 4. mgr. 19. gr., er lokið,“.

- 2) Í línunni sem varðar 3. mgr. 17. gr., Efni: Fjárfestingar í efnislegum eignum, Vinnsla og setning afurða á markað sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, Hámarksfjárhæð í evrum eða hlutfall: 40%, kemur eftirfarandi í stað fjórða dálks:

„Af fjárhæð aðstoðarhæfra fjárfestinga á öðrum svæðum

Hækka má framangreind hlutföll um 20 prósentustig til viðbótar, að því tilskildu að mesti samanlagði stuðningur fari ekki yfir 90%, fyrir rekstur sem nýtur stuðnings innan ramma áætlunarinnar um frumkvöðlastarf og nýsköpun (EIP), fyrir sameiginlegar fjárfestingar og samþætt verkefni eða starfsemi tengda samruna samtaka framleiðenda“.

- 3) Í stað línanna sem varða 37. gr. (5. mgr.), 38. gr. (5. mgr.) og 39. gr. (5. mgr.) kemur eftirfarandi:

„5. mgr. 37. gr.	Uppskeru-, dýra- og plöntutryggingar	70%	Af tryggingariðgjaldi sem er gjaldfallið
5. mgr. 38. gr.	Gagnkvæmir tryggingasjóðir vegna óhagstæðra veðuratburða, dýra- og plöntusjúkdóma, meindýrasmits og umhverfisatvika	70%	Af aðstoðarhæfum kostnaði
5. mgr. 39. gr.	Tekjustöðugleikaurræði	70%	Af aðstoðarhæfum kostnaði“

II. VIÐAUKI

Í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1307/2013 er töflunni „Breyti- og vægisstuðlar sem um getur í 3. mgr. 46. gr.“ breytt sem hér segir:

- 1) Í stað línunnar „Svæði með kjarrvið með stuttan skiptiræktunartíma“ kemur eftirfarandi:

„Svæði með kjarrvið með stuttan skiptiræktunartíma (á hvern 1 m ²)“	á.e.v.	0,5	0,5 m ² “
---	--------	-----	----------------------

- 2) Í stað línunnar „Svæði með köfnunarefnisbindandi nytjaplöntur“ kemur eftirfarandi:

„Svæði með köfnunarefnisbindandi nytjaplöntur (á hvern 1 m ²)“	á.e.v.	1	1 m ² “
--	--------	---	--------------------

- 3) Eftirfarandi línum er bætt við:

„Svæði með <i>Miscanthus</i> “	á.e.v.	0,7	0,7 m ²
Svæði með bollafífla (<i>Silphium perfoliatum</i>)	á.e.v.	0,7	0,7 m ²
Hvíldarland með plöntum sem gefa af sér hunang (tegundir sem eru auðugar af frjókornum og hunangslegi)	á.e.v.	1,5	1,5 m ² “

III. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1308/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annars undirliðar í c-lið 1. liðar II. hluta VII. viðauka kemur eftirfarandi:

„— mega efri mörk fyrir heildaralkóhólstyrkleika fara yfir 15% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun sem hafa verið framleidd án auðgunar, eða einungis verið auðguð með aðferðum til þykkingar að hluta til sem skráðar eru í 1. lið B-þáttar I. hluta VIII. viðauka, að því tilskildu að sá möguleiki sé heimilaður í forskriftinni fyrir afurðina í tækniskjali umræddrar verndaðrar upprunatáknunar.“

2) Í stað 3. liðar A-þáttar I. hluta VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

„3. Þau ár sem veðurfarsskilyrði hafa verið einstaklega óhagstæð er aðildarríkjunum heimilt, sem undanþága fyrir viðkomandi svæði, að hækka mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. lið, um 0,5%. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka hækkun án tafar.“

Yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar

Við 1. gr. - Dreifbýlisþróun

— Framlenging á gildistíma dreifbýlisþróunaráætlana

Útgjöld sem varða dreifbýlisþróunaráætlanir árána 2014–2020, sem samþykkt voru í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, munu áfram njóta réttar til framlags úr Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar ef þau eru greidd aðstoðarþegum í síðasta lagi 31. desember 2023. Framkvæmdastjórnin mun fjalla um framhald stuðningsins við dreifbýlisþróun eftir 2020 í tengslum við tillögu sína um næsta fjárhagsramma til margra ára.

— Áhættustjórnun

Framkvæmdastjórnin staðfestir þau áform sín að endurskoða framkvæmd og skilvirkni áhættustjórnunartækjanna sem eru sem stendur í reglugerð (ESB) nr. 1305/2013 í tengslum við tillögu sína um nútímavæðingu og einföldun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.

— Viðurlög vegna Leader

Framkvæmdastjórnin staðfestir þau áform sín að endurskoða skilvirkni og meðalhóf viðurlaganna vegna LEADER sem fram koma í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 809/2014.

Við 2. gr. - Lárétt reglugerð

— Varasjóður vegna krísuástands

Framkvæmdastjórnin staðfestir að rekstur varasjóðs vegna krísuástands í landbúnaðargeiranum og endurgreiðsla fjárveitinga sem tengjast fjárhagslegu aðhaldi, eins og kveðið er á um í 25. gr. og 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, verði endurskoðuð í tengslum við undirbúninginn fyrir næsta fjárhagsramma til margra ára með það fyrir augum að stuðla að skilvirkri og tímanlegri íhlutun þegar krísuástand er á markaði.

— Ein endurskoðun

Framkvæmdastjórnin styður nálgunina um eina endurskoðun eins og staðfest er með tillögu hennar að 123. gr. í nýju fjárhagsreglugerðinni. Framkvæmdastjórnin staðfestir einnig að í nágildandi lagaramma um stjórnun og eftirlit með útgjöldum í landbúnaði, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1306/2013, er þegar gert ráð fyrir slíkri nálgun og að hún hefur verið tekin upp í endurskoðunaráætlun hennar fyrir tímabilið 2014–2020. Einkum tekur framkvæmdastjórnin tillit til álits vottunaraðila, sem er lagt fram í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, þegar það álit er talið áreiðanlegt, þegar hún metur þörfina á endurskoðun á hlutaðeigandi greiðslustofnun.

Við 3. gr. - Beingreiðslur

— Prótínáætlun

Framkvæmdastjórnin staðfestir þau áform sín að endurskoða stöðuna varðandi framboð og eftirspurn á plöntuprótnum í ESB og að íhuga möguleikann á að þróa „evrópska stefnuáætlun um plöntuprótn“ með það fyrir augum að hvetja enn frekar til framleiðslu á plöntuprótnum í ESB á efnahagslega og umhverfislega traustan hátt.

Við 4. gr. - Sameiginlegt markaðskerfi

— Minnkun á framleiðslu að eigin frumkvæði

Framkvæmdastjórnin staðfestir að reglugerð (ESB) 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir inniheldur nú þegar, í 219. gr. og 221. gr., nauðsynlegan lagagrunn sem gerir henni kleift, með fyrirvara um að fjárveitingar séu tiltækar, að takast á við markaðsröskun og önnur sértæk vandamál, þ.m.t. á svæðisbundnum vettvangi, með möguleika á að veita bændum beina fjárhagsaðstoð. Enn fremur mun tillaga framkvæmdastjórnarinnar um að bæta geirabundnu tekjustöðugleikaurræði við reglugerð (ESB) nr. 1305/2013 um stuðning við dreifbýlisþróun gera aðildarríkjum kleift að taka inn í dreifbýlisþróunaráætlanir sínar möguleikann á að veita bændum í tilteknum geira bætur ef þeir verða fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu.

Framkvæmdastjórnin staðfestir enn frekar að 219. gr. heimilar henni að innleiða, ef um er að ræða markaðsröskun eða hættu á henni, kerfi þar sem aðstoð Sambandsins er veitt framleiðendum sem taka sér fyrir hendur, að eigin frumkvæði, að minnka framleiðslu sína, þ.m.t. nauðsynleg atriði sem varða rekstur slíks kerfis (Dæmi: framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1612 (Stjtið. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 4).

— Viðurkenning á fjölþjóðlegum fjölgreinasamtökum

Framkvæmdastjórnin minnir á að sem stendur er mælt fyrir um reglur um samstarf framleiðenda um að viðurkenna fjölþjóðleg samtök framleiðenda, fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda eða fjölþjóðleg fjölgreinasambönd, þ.m.t. nauðsynleg samvinna á sviði stjórnsýslu milli hlutaðeigandi aðildarríkja, í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/232. Framkvæmd þessara reglna og hvort þær eru fullnægjandi verða endurskoðuð í tengslum við yfirstandandi ferli við nútímavæðingu og einföldun á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

— Óréttmætir viðskiptahættir

Framkvæmdastjórnin staðfestir að hún hefur hrint af stað framtaksverkefni um matvælakeðjuna sem er sem stendur á leiðinni í gegnum þau stig sem krafist er samkvæmt viðmiðunarreglunum um bætt reglusetningu. Hún mun taka ákvörðun um hugsanlega tillögu að nýrri löggjöf að því ferli loknu, ef mögulegt er á fyrri helmingi ársins 2018.

— Samstarf framleiðenda

Framkvæmdastjórnin tekur mið af samningnum milli þingsins og ráðsins um breytingar á 152., 209., 222. og 232. gr. Framkvæmdastjórnin vekur athygli á því að breytingarnar sem þingið og ráðið komu sér saman um eru verulegar í eðli sínu og eru settar inn án áhrifamats sem krafist er skv. 15. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu. Þetta leiðir af sér óvelkomna óvissu sem varðar lög og málsmeðferð þar sem áhrifin og afleiðingarnar eru óþekkt.

Þar eð breytingar á upprunalegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar, þegar þær eru teknar saman, leiða til verulegra breytinga á lagarammanum lýsir framkvæmdastjórnin áhyggjum af því að nokkur af nýju ákvæðunum, sem eru samtökum framleiðenda í hag, gætu haft þau áhrif að lífvænleika og velferð smábænda og hagsmunum neytenda yrði stofnað í hættu. Framkvæmdastjórnin staðfestir skuldbindingu sína um að viðhalda virkri samkeppni í landbúnaðargeiranum og að koma markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, sem mælt er fyrir um í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmda að öllu leyti. Í þessu samhengi vekur framkvæmdastjórnin athygli á að með breytingunum, sem þeir aðilar sem eru samábyrgir henni um löggjöfina eru einhuga um, er einungis gert ráð fyrir mjög takmörkuðu hlutverki fyrir bæði framkvæmdastjórnina og landsbundin samkeppnisfyrirvöld til að gera ráðstafanir til að viðhalda virkri samkeppni.

Heildarsamþykki framkvæmdastjórnarinnar á Omnibus-tillögunni, þ.m.t. breytingarnar sem þingið og ráðið samþykktu, er með fyrirvara um framtíðartillögur sem framkvæmdastjórnin kann að gera á þessum sviðum í tengslum við umbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni fyrir tímabilið eftir 2020 og önnur framtaksverkefni sem er sérstaklega ætlað að taka á sumum af þeim málum sem fjallað er um í textanum sem Evrópuþingið og ráðið hafa nú komið sér saman um.

Framkvæmdastjórnin harmar að málefnið sem varðar hið mjög takmarkaða hlutverk fyrir bæði framkvæmdastjórnina og landsbundin samkeppnisfyrirvöld til að gera ráðstafanir til að viðhalda virkri samkeppni skuli ekki hafa fengið fullnægjandi meðferð hjá þeim aðilum sem eru samábyrgir henni um löggjöfina og tjáir áhyggjur sínar vegna mögulegra áhrifa sem þessi takmörkun hefur á bændur og neytendur. Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að lagatextann verður að túlka á þann hátt sem samræmist sáttmálanum, þ.e. að því er varðar möguleika framkvæmdastjórnarinnar og landsbundinna samkeppnisfyrivalda á að grípa inn í ef samtök framleiðenda með stóra markaðshlutdeild reyna að takmarka athafnafrelsi aðila sinna. Framkvæmdastjórnin harmar að þessi möguleiki skuli ekki vera varinn á skýran hátt í lagatextanum.